



LITLA-HRAUN 1929-2009



ANNÁLL LITLA-HRAUNS
FANGELSISMATUR FYRR OG NÚ
RAFRÆNT ÖKKLABAND
ER FANGELSI HEIMILI?
GÓÐUR ANDI Á LITLA-HRAUNI

VERND
FANGA
HJÁLPI
TÍÐI
39. árg. 2009

39. árg. 2009



Kveðja frá stjórn Verndar

Im memoriam:

Hanna Johannessen

Formaður jólanefndar Verndar, frú Hanna Johannessen lést 25. apríl síðastliðinn. Hún fæddist á Grímsstöðum á Fjöllum 28. nóvember 1929. Foreldrar hennar voru hjónin Ingólfur Kristjánsson, bóndi, og Katrín María Magnúsdóttir, húsfreyja og síðar saumakona á Akureyri og í Reykjavík.

Frú Hanna var hárgreiðslumeistari frá lðnskólanum í Reykjavík og rak eigin hárgreiðslustofu á annan áratug. Eftirlifandi eiginmaður hennar er Matthías Johannessen, skáld og fyrrverandi ritstjóri. Þau eignuðust tvo syni.

Frú Hanna lét mjög að sér kveða í líknarmálum. Hún gekk til liðs við fangahjálpinna Vernd við stofnun hennar og sat í jólanefnd samtakanna og var formaður hennar frá 1967 og til dauðadags. Einnig tók hún þátt í starfi Barnavendarnefndar Reykjavíkur um margra áratuga skeið. Hún sat í sóknarnefnd Neskirkju og í stjórn Hjálparstarfs kirkjunnar, átti sæti í trúnaðarráði Hvatar, félagi sjálfstæðiskennda og gegndi þar formennsku um hríð. Frú Hanna var gerð að heiðursfélagi Verndar þegar samtökin héldu upp á 45 ára afmæli sitt, í þakklætis- og virðingarskyni fyrir frábæralega vel unnin störf. Þá var hún sæmd riddarakrossi Hinnar íslensku fálkaorðu 1993, fyrir störf að líknar- og mannúðarmálum.

Frú Hanna var máttarstólpi í Vernd og bar hitann og þungann af starfi jólanefndarinnar um áratugaskið. Það starf fólst í því að útvega jólagjafir handa föngum, pakka þeim inn og koma þeim til skila. Þá hafði frú Hanna forystu um skipulag jólafagnaðar Verndar. Síðar var jólafagnaðurinn haldinn í samvinnu við Hjálpræðisherinn að frum-



kvæði hennar en þrátt fyrir það hafði hún sem áður veg og vanda af öllum undirbúningi.

Það var mikil vinna sem hún lagði af mörkum til þess að jólafagnaðurinn gæti farið fram með sómasamlegum hætti. Hún vildi hafa myndarbrag á öllu, gæta hag-sýni og forðast allt brúðl enda alin upp í íslenski sveit á stóru heimili, systkini hennar voru fjórtán að tölu. Frú Hanna sá um að útvega allar veitingar og annað sem með þurfti til að gleðja það fátæka fólk sem kom ætíð á jólafagnaðinn. Gjófum pakkaði hún af natni og elskusemi og kallaði ætíð til samstarfs um það hinar bestu konur.

Sjálf kom frú Hanna svo á jólafagnaðinn og tók þátt í honum sem væri hún ein af hópnun. Dansaði í kringum jólatréð, söng og gladdist með öllum.

Í byrjun hvers árs kom frú Hanna allajafna á stjórnarfund og flutti skýrslu um störf jólanefndarinnar. Það kom ætíð fram í máli hennar hve þakklát hún var öllum þeim er studdu hana í starfi nefndarinnar en það voru einkaaðilar og menn í margvíslegum atvinnurekstri. Allir lögðu þeir fram sitt fyrir orðastað frú Hönnu sem hélt fram málstað hinna minni máttar af mikilli elskusemi og kærleika. Enginn gat neitað þessari hógværu en þó ákveðnu og hreinskilnu konu um liðsemd. Þeir sáu sem aðrir að þarna fór mannvinnur og hjálptús kona. En sjálf hafði hún ekki hátt um þetta mannúðarstarf sitt heldur vann það í raun og veru sem hvert annað skyldustarf.

Nú er skarð fyrir skildi. Stjórn Verndar kveður frú Hönnu Johannessen með djúpri virðingu og þökk. Guð blessi minningu hennar.

Kveðja frá stjórn Verndar

Im memoriam:

Áslaug Cassata

Frú Áslaug Cassata, fyrrum stjórnarmaður í Vernd, lést 23. júní 2007. Hún fæddist í Reykjavík 26. október 1926. Foreldrar hennar voru hjónin Kjartan Ólafsson, augnlæknir, og Kristjana Magnúsdóttir Blöndahl Ólafsson, kaupkona.

Frú Áslaug var rótgróinn Reykvíkingur og ólst upp í miðbænum, gekk í Landakotsskóla og lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík 17. júní 1944. Hún stundaði um skeið nám í Háskóla Íslands og hélt síðar til Bandaríkjanna til náms í læknisfræði við Columbia-háskólann. Minna varð úr námi en efni stóðu til því þar hitti hún lífsförunaut sinn, Frank Cassata og gengu þau í hjónaband. Þau eignuðust tvo syni. Fjölskyldan flutti svo til Íslands 1952.

Frú Áslaug átti og rak gleraugnaverslunina Fókus þar sem hún starfaði allan sinn starfsaldur. Auk stjórnarstarfi í Vernd sat hún í stjórn Zontaklúbbs Reykjavíkur en þar gegndi hún einnig formannsstarfi um hríð. Hún gegndi ýmsum trúnaðarstörfum fyrir Sjálfstæðisflokkinn og sat í stjórn Hvatar, félags sjálfstæðiskennda í Reykjavík.

Frú Áslaug sat í stjórn Verndar um áratugaskeið og var góður liðsmaður í samtökunum. Hljý kona



og ætíð glöð í bragði, hjálprúf og tillögugóð. Hún hafði sig ekki mikið í frammi, hlustaði og íhugaði það sem sagt var og gert. Þegar hún talaði var hlustað á hana enda réði hún alltaf heilt. Allt sem hún tók að sér var unnið af mikilli vandvirkni og heiðarleika enda var

hún kona sem hægt var að treysta á. Hún bar mikla umhyggju fyrir starfi Verndar og skjólstaðingum fangahjálparinnar og var ætíð boðin og búin til að leggja fram verkfúsa hönd. Árið 2005 veitti Vernd hennar þakkarskjöld fyrir förnfúst starf fyrir samtökin. Sjálf flikaði hún ekki starfi sínu að mannúðarmálum heldur vann þau í kyrrþey.

Eiginmaður frú Áslaugar, Frank Cassata, var einnig félagi í Vernd. Hann kom oftast á aðalfundi Verndar með konu sinni. Frank var hreinskriptinn maður og úrræðagóður. Hress í bragði og glaðsinna. Hann fæddist í New York 3. nóvember 1911, ólst upp í Brooklyn en foreldrar hans voru innflytjendur frá Sikiley. Frank lést í hárrí elli 2. janúar á þessu ári. Guð blessi minningu hans.

Stjórn Verndar kveður frú Áslaugu Cassata með djúpri virðingu og þökk. Guð blessi minningu hennar.

EFTIRTALDIR AÐILAR STYRKJA ÚTGÁFU VERNDARBLAÐSINS

Reykjavík
Aðalblikk
Aleflí
Alhliða pípulagnir
Altex
Alþýðusamband Íslands
Antikmunir sf
Arkform
Athygli hf
Áltak ehf
Árbæjarapótek
Bifreiðastilling
Bílasmiðurinn hf
Bílaverkstæði Auðuns
Bíóhljóð ehf
Björnsbakari v/Skúlagötu
Bortækni ehf
Brauhúsið
Brimrún ehf
Efling
Efnamóttakan
Eignamiðlun
Eldhús sælkerans
Ellos verslun
EnnEmm ehf
Fagafi ehf
Faxaflóahafnir
Fiskikaup
Gjögur
Gunnar Guðjónsson
Handþrjónasamband Íslands
Hárgreiðslustofa
Háskólabíó
Henson Sport
Herrafatavarslun Birgis
Hjálpræðisherinn
House of paine tattoostofa
Íslenska gámafélagið
Kaffi Reykjavík
Kanebo
Kafólska kirkjan
Lögfræðistofa
Hilmar Ingimundarsonar
Lögfræðistofan
Lögreglustjórnin á
höfuðborgarsvæðinu
Margmiðlun
Málarameistarar
Menntamálaráðuneytið
Myndbandtækni
Nonnabíti
Nýi ökusköllinn
Ólafur Þorsteinsson
Ósal ehf
Parlogis
Rafn ehf
Rafsvið
Raförnnin ehf
Reykjavíkurhöfn
Rolf Johansen og co
SÍBS
Sjónvélur ehf
Smith og Norland
SP Tannréttingar
Sproti hf
Starfsgreinasamband Íslands
Suzuki bílar hf
Svæðisfélagið
Szaberg
Tannlæknastofa Guðrúnar
Tark Teiknistofan
Utánríksráðuneytið
V.D.O. ehf
Vagnar og þjónusta
Vaki DNG hf
Verkfræðitækni
Vélvík ehf
Við og Við
VR
Yogastöðin Heil
Ógurvík

Grindavík
Vísir hf
Þorbjörn Fiskanes
Garður
Geirnarborg
Njarðvík
H5 Orka
Isver
Trésmiðja Stefáns
Mosfellsbær
Ístugi
Reykjakot leikskóli

Akranes
Apótek Vesturlands
Bifreiðastöð PPP
Sjúkrabjálfun Georgs
Sýslumaðurinn á Akranesi
Vignir G. Jónsson

Borgarnes
Borgarbyggð
Bókhald og tölvuþjónustan
Hótel Stykkishólur
Hreðarvatnsskáli
Þjónustumiðstöðin

Stykkishólmur
Sæfell ehf
Útgerð Agnars

Grundarfjörður
Hótel Framnes

Snæfellsbær
Fiskmarkaður
Staðastaðarprestakall

Helisandur
Hárgreiðslustofa
Gunnhildar

Ísafjörður
Hótel Ísafjörður
Massi Þríf ehf
Sigurður Sveinsson
Stál og Hnífur

Bolungarvík
Endurskoðun Vesturlands
GÖK Húsasmiði ehf
Jakob og Valgeir

Patreksfjörður
Bjarni S Hákonarson
Oddi

Kjörvogur
Hótel Djúpavík

Hvammstangi
Veitingaskálinn

Sauðárkrúkur
Kaupfélag Skagfirðinga

Akureyri
Brekuskóli
Félag máliðnaðarmanna
Flökkur ehf
Flúðir
Íþróttamiðstöðin
Kjarnafæði
Raftákn hf
Trésmiðjan Virkni

Loftorka hf
PharmaNor hf

Hafnarfjörður
Agúst J Gunnarsson
Dalakofinn
Ferskfiskur ehf
Fimpussning ehf
Kor ehf
Lína Lokkafína
Rafgeymslan hf
RB Rúm
Rótor ehf
Verkalýðsfélagið

Keflavík
Depla Kolaportíð
Íslenska félagið
Keflavíkurkirkja
Tannlæknastofa Einars
Magnússonar
Varmamót ehf
Verslunarmannfélag
Suðurnesja

Grindavík
Vísir hf
Þorbjörn Fiskanes

Garður
Geirnarborg

Njarðvík
H5 Orka
Isver
Trésmiðja Stefáns

Mosfellsbær
Ístugi
Reykjakot leikskóli

Akranes
Apótek Vesturlands
Bifreiðastöð PPP
Sjúkrabjálfun Georgs
Sýslumaðurinn á Akranesi
Vignir G. Jónsson

Borgarnes
Borgarbyggð
Bókhald og tölvuþjónustan
Hótel Stykkishólur
Hreðarvatnsskáli
Þjónustumiðstöðin

Stykkishólmur
Sæfell ehf
Útgerð Agnars

Grundarfjörður
Hótel Framnes

Snæfellsbær
Fiskmarkaður
Staðastaðarprestakall

Helisandur
Hárgreiðslustofa
Gunnhildar

Ísafjörður
Hótel Ísafjörður
Massi Þríf ehf
Sigurður Sveinsson
Stál og Hnífur

Bolungarvík
Endurskoðun Vesturlands
GÖK Húsasmiði ehf
Jakob og Valgeir

Patreksfjörður
Bjarni S Hákonarson
Oddi

Kjörvogur
Hótel Djúpavík

Hvammstangi
Veitingaskálinn

Sauðárkrúkur
Kaupfélag Skagfirðinga

Akureyri
Brekuskóli
Félag máliðnaðarmanna
Flökkur ehf
Flúðir
Íþróttamiðstöðin
Kjarnafæði
Raftákn hf
Trésmiðjan Virkni



ER FANGELSI HEIMILI?

Verndarblaðið ræðir við Kristínu Guðmundsdóttur uppeldisfræðing

Kristín Guðmundsdóttir hefur numið við Kaupmannahafnarháskóla og háskólann í Árósum. Hún hefur búið í Kaupmannahöfn í sjö ár, gift kona og tveggja barna móðir. Áhugi hennar hefur alltaf snúist að því að vinna með fullorðnu fólki en ekki börn og unglingum. Nú vinnur hún að meistaraþrófsritgerð í uppeldismannfræði sem fjallar um lífið innandyrja í fangelsi. Hún hefur kynnt sér fræði sem lúta að hugtakinu heimili, hvað það sé og hvað ekki, og hvernig það hafi þróast. Það kom fljótt upp hjá henni áhugi á því að skoða hugtakið heimili inni á stofnun sem menn tengdu alls ekki við heimili. Fangelsi varð fyrir valinu og vonaðist hún til þess að geta komist í samand við fangana og orðið nánast eins og ein af þeim. Hún dvaldi í Kópavogsfangelsinu í september og október s.l. í átta vikur, fjóra daga vikunnar, þrjá til fimm tíma í senn. Í dvöl sinni hélt hún dagbók um það sem fyrir augu og eyru bar í fangelsinu. Þá tók hún viðtöl við sex fanga, tvo karlmenn og fjórar konur.

Dvölin í Kópavogsfangelsinu gekk mjög vel Fangarnir voru ánægðir með dvöl hennar í fangelsinu og töldu hana hafa lífgað upp á lífið. Þeim fannst reyndar skrítið í fyrstu að hún skyldi vera að eyða tíma sínum í þetta og voru aðeins á varðbergi gagnvart henni. En smám saman ávann hún sér traust þeirra. Hún tók þátt í daglegu lífi þeirra, vinnu, eldhússtörfum og almennu spjalli. Sjálfum fannst föngunum að með tímanum hafi hún orðið einn af þeim. Fangarnir töldu að eigin sögn meira við hana en starfsfólkið.

Sjálf sagði Kristín að dvöl sín í Kópavogsfangelsinu hefði gengið mjög vel og hún var sátt við þennan tíma sem hún varði með föngunum. Þó var vistin erfiðari en hún átti von á og fann hún fyrir andlegri þreytu. Ástæðu þess taldi hún vera fangelsisumhverfið og að fangarnir væru að kljást við mismunandi hluti og ýmsa sjúkdóma, sem ekki fóru framhá henni. Henni fannst fangarnir taka mjög vel á móti sér. Eins sýndu fangaverðirnir henni mikinn stuðning og fræddu hana sitthvað um fangelsisferfið og almennar aðstæður fanga.

Allan tímann bar hún á sér neyðarhnapp og fannst henni í fyrstu hann vera dálítið fyrir sér og gæfi henni sérstöðu í hópnun því fangarnir bera ekki slíkan hnapp. En hún vandist honum smám saman og hætti svo að taka eftir honum eftir mánuð. „Í byrjun var ég með vara á mér,“ segir hún, „alltaf meðvituð um það hverjir væru í kringum mig.“

Varstu smeyk um að einhver þeirra myndu gera þér eitthvað?

„Nei, það var ekki svo. Það var meira þetta umhverfi,

með allar þessar læstu dyr, hringl í lykllum, og svo þessar eftirlitsmyndavélar. Vitundin um að hvert sem ég færi innanhúss þá væri fylgst með mér. Þetta fannst mér vera áreiti sem hvíldi þungt á mér.“

Komst nálægt föngunum

„Það var mikilvægt fyrir rannsókn mína að ég myndi ekki troða neinum um tær,“ segir Kristín. „Ég reyndi því að fara hljóðlega og vera ekki fyrir neinum. Reyndi að falla dálítið svona í bakgrunninn og vera meðvituð um samskipti þeirra, sem var hluti af rannsókninni. Sjálfri fannst mér það hafa líka tekist að komast nálægt föngunum og verða hluti af daglegu lífi þeirra. Fundið hvernig þeir hugsa, hvernig þeir gera hlutina, heyrð viðhorf þeirra. Upplifað líka þó að fangar segi eitt þá gera þeir kannski allt annað. Það var því mikilvægt að vera þetta langan tíma með þeim í fangelsinu.“

Hvert var rannsóknarefnið?

„Rannsóknarefnið er hvernig þetta hugtak, heimili, birtist innan fangelsis. Hvernig kemur það fram, hvaða áhrifaþættir styðja við það og hvaða þættir draga úr því. Sumir þættir innan fangelsis skjóta stoðum undir þetta hugtak, að þetta fangelsi sé heimili, en aðrir þættir svipta það heimilismerkningunni.“

Kristín segir eldamennsku fanganna gefa fangelsinu heimilisbrag. Eins vinnan, og tækifæri til að sinna áhugamálum: „Líkamsræktaraðstaðan styrkir einnig heimilishugtakið, á sumum heimilum eru margvísleg líkamsræktartæki. Það sem hins vegar dregur úr því að líta meg á fangelsið sem heimili er takmörkuð útivist og skordur sem settar eru við það að lífa einkalífi sínu – það er til dæmis ekki hægt að tala í símann nema á ganginum þar sem allir sem vilja geta heyrð hvað fram fer. Eftirlitsmyndavélar eru víða í fangelsinu og taka upp hverja hreyfingu. Fangarnir þurfa að hringja bjöllu á nóttinni til að komast á salernið, og svo náttúrlega það sem fylgir fangelsinu: að vera læstur inni á herberginu klukkan níu á kvöldin. Á morgnana er svo opnað klukkan átta. Mörgum þessum þáttum væri hægt að breyta á auðveldan hátt en öðrum ekki.“

Varstu einhvern tíma hér yfir nótt?

„Nei. Það hefði reyndar verið forvitnilegt en því var ekki hægt að koma við. Þar spiluðu tryggingar inn í. Ef eitthvað hefði komið fyrir mig þá hefði það orðið mikið mál þar sem ég er ekki fangi. En ég hef stundum verið hér á kvöldin fram að því að þau eru lokuð inni.“

Varstu vör við einhvern mun á andlegri líðan fanganna þegar verið var að læsa þá inni á kvöldin frá því sem var að degi til?

„Sumum þeirra finnst það jafnvel þægilegt þegar komið er að því að loka þau inni og vilja að dýrnar inn til þeirra séu læstar. Finna visst öryggi í því. En öðrum föngum finnst þetta vera mjög óþægilegt og vilja helst sofa fyrir opnum dyrum. Ég hef líka verið hér á morgnana. Þá eru sumir fanganna komnir á ról en aðrir eru sofandi. Þeir rjúka ekkert framúr þegar opnað er inn til þeirra á morgnana.“

Þörf á margs konar stuðningi við fanga

Kristín hefur líka tekið þátt í vinnu fanganna þegar vinnu hefur verið að fá. Segir hún að það sé allt annar andi í fangahópnum þegar þeir hafa vinnu. Hún er miklu léttara yfir hópnun þegar eitthvað er við að vera. Sumir fanganna vilja ekki vinna af ýmsum ástæðum og eru þá sviptir dagpeningum. „Það fer fram kennsla í fangelsinu í samstarfi við Menntaskólann í Kópavogi. Ég sat í nokkrum tímum. Það er mjög mikilvægt að fangarnir kynnist venjulegri kennslu ef þeir ákveðdu það að halda áfram námi eftir að fangavistinni er lokið. En flestir þeirra þurfa á miklum stuðningi að halda, þurfa greiningu, hjálpartæki og hjálpargögn. Þeir þurfa að byrja á vissan hátt upp á nýtt. Læra að læra. Það þarf að kenna þeim námstækni og það er nauðsynlegt að ráða stuðningskennara,“ segir Kristín.

Í fangelsinu varð Kristín vör við margvíslega árekstra á milli fanganna sem drógu úr samkennd í hópnun. Þessir árekstar hafa líka að áliti hennar mjög neikvæð áhrif á heimilisbraginn. Það þarf að byggja upp hópkennnd meðal fanganna og samkennd, styðja samskipti þeirra og samvinnu. Hún telur að úr þessu mætti bæta með uppeldisfræðilegum stuðningi eins og þekktist til dæmis á sambýlum og öðrum stofnunum þar sem fólk býr undir sama þaki í langan tíma. Það þarf að efla með þeim ábyrgð á því að sinna daglegum verkefnum eins og gert er á heimilium. Liðsinna þeim við að færa daglegar athafnir í ákveðnar skordur.

Snúast þessir árekstrar um hversdagslega hluti innan fangelsisins eða um eitthvað sem gerst hefur utan fangelsis?

„Já, bæði árekstrar innan fangelsis sem utan“, svarar Kristín. „Þeir geta snúist um eitthvað smávægilegt eða um það sem skiptir miklu máli í huga þeirra.“

Tekið á einelti

Kristín nefnir einelti til sögunnar. Hún varð vör við það innan fangelsisins: „Fangarnir sem gerendur og þolendur eineltis koma margir úr löskuðum uppeldisaðstæðum og eru ekki í stakk búin til að glíma við vandmál af því tagi sem einelti er. Þess vegna þarf utanaðkomandi aðila til að taka á einelti þegar það kemur upp. Einn fangi var til dæmis óánægður með framkomu nokkurra samfanga í sinn garð og taldi hana vera einelti. Fanginn gerði fangavörðum viðvart um það enda var hann ósáttur við að þurfa að búa við það og þess vegna fullur vanlíðunar.“ Fangaverðir ræddu málið og tóku á því með aðstoð Kristínar. Hún telur að hversu góðir sem fangaverðir kunni annars að vera þá geti þeir ekki verið þessi uppeldisfræðilegi stuðningur sem fangar þurfi á að hafa. „Það getur verið erfitt fyrir

fangavörð að vera sáttasemjari milli fanga vegna þess að oft líta þeir hann ekki hlutlausum augum – hann er í augum margra fulltrúi ákveðins valds og kerfisins. En það vantar þennan uppeldisfræðilega stuðning fyrir fangana sem gæti jafnvel stýrt þeim í átt til betra lífs. Það gæti verið nokkurs konar uppeldisfulltrúi starafndi í fangelsinu sem leyst gæti úr deilum og væri hann þá ekki fangavörður. Slíkur starfsmaður gæti komið einu sinni til tvisvar í viku í fangelsin. Hann myndar líka annars konar tengsl við fangana en fangaverðir.”

Leitað ráða

„Fangarnir hafa leitað ráða hjá mér með ýmislegt,” segir Kristín. „Enda þótt ég sé uppeldisfræðingur þá hef ég ekki viljað gefa þeim uppeldisfræðileg ráð og leiðsögn og það hefur auðvitað verið erfitt. Ég hef reynt að skilja á milli þess að ég er rannsakandi og sá einstaklingur sem ég er. Ráðleggjarnar hafa verið á þessu mannlega plani eins og maður myndi bregðast við hverjum og einum sem leitar ráða hjá manni.

Ég átti ekki frumkvæði að því að ráða þeim heilt í vanda, ekki meira en gengur og gerist í almennum mannlegum samskiptum. Þetta æxlaðist bara þannig vegna veru minnar í fangelsinu. Þeir vissu að ég var ekki starfsmaður fangelsiskerfisins og treystu mér. Þeir hafa velt því fyrir sér hvað væru eðlileg viðbrögð af þeirra hálfu gaganvart ýmsu sem þeir eru að glíma við. Jafnt hversdagslegum vandamálum sem og hinum alvarlegu. Uppeldisfræðimenntaður starfsmaður gæti því komið að góðum notum fyrir fangana sem og fangelsiskerfið.”

Kristín segir að þegar nýir fangar hafi komið þá hafi andrúmsloftið breyst í fangelsinu. Það sama gerðist þegar fangar losnuðu. Einhver saknaði kannski þess sem var farinn og annar var jafnvel feginn. Sjálf segist hún jafnvel hafa fundið fyrir hálfgerðum pirringi yfir því þegar fangi fór því henni fannst hann gefa fangelsinu meiri heimilisbrag umfram aðra og hafa góð áhrif á hópinn.

Dagar renna út í eitt

Hvað finnst þér einkenna fangahópinn þegar engin vinna er? Oft er talað um hangs í þessu sambandi, hefurðu hangið með þeim?

„Já, ég hef gert það. Hangið með þeim. Það er ekkert um að vera. Enginn er að gera neitt. Bara hanga, reykja og kjafta. Mér finnst ekki vera hægt að skella skuldinni á þau fyrir þetta hangs – alla vega ekki flest þeirra. Mörg þeirra eru ekki fær um að koma einhverri rútinu á líf sitt, ekki fær um að afkasta daglega því sama og annað fólk. Það vantar nefnilega jákvæð áhrif, uppeldisstýringu á hópinn og innan hans. Eins vantar markvisst betrunarstarf. Stundum er eins og það verði ekki neitt úr neinu verki hjá þeim. Dagarnir renna saman út í eitt og þau verða hálf sinnulítill. Þau aðlagast því hægt og bitandi að svona sé daglegt líf oft í fangelsinu. Hæfileikinn til að sýna frumkvæði og skipuleggja sig og drífa sig að verki, hann smám saman minnkar. Það finnst mér hvað erfiðast að horfa upp á herna. Þeir félagslegu hæfileikar sem þau höfðu áður en hingað var komið fjara út. Ég er ekki að gagnrýna fangaverðina vegna þess að ég tel að fangar myndu aldrei taka leiðbeiningum frá þeim vegna þess einfaldlega að þeir eru fanga-verðir. Það þarf einhver annar að koma til.”

Aldrei of seint

Kristín telur að endurhæfing fanga til betra lífs sé alltaf möguleg ef hann sjálfur vilji það. Og enda þótt viðkomandi vilji það ekki þá er alltaf hægt að gera eitthvað. Alltaf sé hægt að koma vissum hugleiðingum af stað hjá þeim sem er mótfallinn því að snúa við blaðinu. Það má ekki nota sem afsökun fyrir því að gera ekki neitt í þessum efnun innan fangelsanna. Hægt sé að gera alveg ótrúlega hluti á ekki lengri tíma en viku.

Er fangelsi heppilegasti staðurinn til að betra fólk?

„Það er hægt að byrja innan fangelsis en ekki láta ekki þann tíma fara til spillis. Sumir þurfa einfaldlega að vera í fangelsum af öryggis-ástæðum. Það mætti hugsa sér önnur úrræði á einhverjum tíma aflánunarinna þar sem markviss betrun færi fram. Ég tel að stór hluti þeirra sem eru hér í Kópavogsfangelsinu gætu



Kristín Guðmundsdóttir uppeldisfræðingur með fangum í Kópavogsfangelsinu

verið á betrunaruppeldisstofnun, væru þá dæmd til vistar á slíkri stofnun.”

Og fíkniefnavandamálín?

„Vímuefnafíkn setur óneitanlega mark sitt á fangelsislífið. Margir glíma við þann vanda og eru ákaflega uppteknir af honum. Þátttaka í starfi AA innan fangelsis hefur verið frekar lítil. Sumir fanganna sem eru fíklar hafa svokallaða „sponsora.” Mér hefur sýnst þeir hugsa mjög vel um fangana, heimsækja þá og sinna þeim af áhuga. Það er mjög jákvætt. Í þessu sambandi mætti nefna að mikilvægt er að aðstoða fíklana á jákvæðan hátt þegar fíknin gýs upp með því að yfirfæra hæfileika þeirra frá veikleika til styrkleika. Allir hafa hæfileika á einhverju sviði og fólk sem elst upp við eðlilegar aðstæður eins og kallað er getur nokkuð auðveldlega yfirfært þá yfir á annað. Þau sem hafa komið frá brotnum heimilum þar sem hefðbundið uppeldi var í molum eiga erfiðara með að yfirfæra hæfileika sína. Og sum þeirra geta það ekki nema með aðstoð – þau festast í því neikvæða því þau hafa ekki frumkvæði né kraft til að beina huganum að því sem er jákvætt. Það þarf að sýna þeim og kenna.” Kristín segir að stór hluti fanganna hafi svipaða sögu að segja: Þeir hafi hafið neyslu mjög ungrir, voru í félagi með þeim sem voru nokkuð eldri en þeir sjálfir. Kynlífsiðkun hófst snemma á unglingsárum og hefur þar að hennar mati oft verið um kynferðislega misnotkun að ræða. Yfirgnæfandi hluti þeirra væri ofvirkur, með

athyglisbrest og lesblindu. Þau hafi orðið undir í þjóðfélaginu og ekki verið hirt um að benda þeim á að enda þótt þau séu með lesblindu þá geti þau lært.

„Það eru til aðferðir, tæki og tól, og leiðir, til að gera fanga að félagslega hæfari einstaklingum og nýtum þjóðfélagsþegnum. Því miður er ekki verið nýta þær,” segir Kristín full af eldmóði.

Útlendingar í fangelsinu

Nú voru nokkrir útlendingar í fangelsinu meðan þú vannst að rannsókn þinni. Hafðirðu samband við þá?

„Það var að sjálfsgöðu í miklu minna mæli en við Íslendingana. Íslensku fangarnir leituðu meira til mín og ég komst í betra samband við þá en þá útlendu. Ein útlend kona var ófrísk og hún talaði bara sitt móðurmál. Talaði ekki heldur ensku. Og þar er aftur komið að þessu sem ég vil kalla uppeldislega stýringu. Þessi kona reykir þó ófrísk

HREINN S. HÁKONARSON

FANGELSI MATUR FYRR OG NÚ

Mikil breyting hefur orðið á fæðismálum fanga. Nú matreiða fangar sjálfir á fimm deildum á Litla-Hrauni og sömuleiðis á Kviabryggju, Akureyri og Kópavogsfangelsinu. Í Hegningarhúsinu eru keyptir matarbakkar og hið sama er að segja um þrjár deildir á Litla-Hrauni. Gæsluvarðhaldsfangar fá líka matarbakka. Fæðispeningar á hvern fanga á viku eru kr. 9.100.

Fangarnir hafa gjarnan með sér matarfélag og elda til skiptis. Þó getur fangi ákveðið að sjá um sinn mat sjálfur. Matarfélagin ganga yfirleitt mjög vel og fangar eru ánægðir með þetta fyrirkomulag. Ábyrgðin á matseldinni liggur nú hjá fangunum sjálfum. Þeir átta sig fljótt á henni og sjá að nauðsynlegt er að gæta hagsýni. Öll matseld tekur tíma og þarf sinn undirbúning. Fangar ræða oft um það sín á milli hvað eigi að vera í matinn og hvernig hann skuli matreiðdur. Þeir sjá líka um innkaup og þá í samvinnu við fangaverði.

Margs konar fyrirkomulag

Það skiptir miklu máli að matur sé hollur og góður í fangelsi eins og annars staðar. Frelsisvipingin er fangelsi en ekki slæm húsakynni eða lélegt fæði. Margar leiðir hafa verið farnar í rekstri mótuneyta og eldhúsa í fangelsi. Lengst af á Litla-Hrauni var eldað handa fangum í eldhúsi í gamla fangahúsinu, eða húsi nr. 2, eins og það er kallað í dag. Eldhúsið var í kjallaranum og þar mótuduð fangar og starfsfólk. Oft unnu fangar í eldhúsinu með matreiðslumanninum. Þar voru nokkur þrensli og urðu menn stundum að matast í hollum. Í fangelsisbyggingunni sem reist var 1995 er gott eldhús og um tíma var matreitt þar handa fangum og starfsfólki.

Fangar fengu í fyrstu mat sinn úr eldhúsinu á bökkum eða á stórum fötum. Nú er þetta eldhús lítið notað enda matur handa starfsfólki aðkeyptur sem og bakkamaturinn handa fangum sem ekki elda sjálfir.

Hvað hafa fangar sagt um fæðið?

Allir vita að matur getur verið misjafn. Á öllum heimilum kemur það fyrir að matargerðin misheppnast að einhverju leyti. Einn forstöðumanna Litla-Hrauns sagði í blaðaviðtali þegar veikindi fanga í fangelsinu bar á góma að ekki væri það fæðinu um að kenna því að það væri eins og gengi og gerðist á bæjum.¹ Hálfu ári síðar var haft eftir nýjum forstöðumanni að nóg væri að borða í fangelsinu og maturinn væri listafæði.² En stundum hafa fangar kvartað yfir fæðinu í fangelsunum og þær kvartanir hafa líka ratað í fjölmíðla. En fangar hafa líka hrósað matnum. Blaðamenn Vikunnar voru í heimsókn á Litla-Hrauni í nóvember 1958. Þar fengu þeir hinar ljúffengustu veitingar að eigin sögn. Þeir sögðu fangana láta vel af mataræðinu. Á sunnudögum var steikt kjöt og líka kjötréttir á virkum dögum. Saltfiskur var tvisvar í viku.³

Síðan birti Vikan sama ár dagbórkærslur eins fangans í þremur tölublöðum. Þar vikur hinn nafnlaus fangi stundum að matnum og er ánægður með hann nema í eitt skipti. Hann nefnir saltfiskt og mjólkurvellings, þykkan og góðan hafragraut „ásamt kaffisulli og hveitibraudi.” Kindakjöt og kjötsúpa var í mat einn daginn og snæddi hann þennan „öndvegissþjóðrétt” af góðri lyst. En eitt sinn var hins vegar á boðstólum „hið hroðalegast beljukjöt” sem hann hafði nokkru sinni bragðað. Það var honum þó raunabót að

hann borðaði réttinn með tveimur þýskum stúlkum sem voru þar í heimsókn.⁴ Heimsóknargestir snæddu einnig með fangunum í eldhúsinu. Þjóðhátíðardaginn 17. júní ritar hann í dagbók sína: „Hér á þessum eyndarstað, var dagur þessi einnig með nokkrum hátíðarbrag, menn fengu hér hangikjöt og sitt hvað það sem hátíðum tilheyrir.”⁵

Annar fangi sem skrifaði þrjár greinar í Nýtt dagblað 1942 var ekki eins ánægður. Fanginn var á Litla-Hrauni frá því í marsmánuði 1942 og fram í desember. Sagði hann morgunmatinn vera hafragraut og mjólk. Um miðjan morgun var kaffi og rúgbrauðssneið, meðlæti sem fangar kölluðu Eyrarbakkaþrumara og segir fanginn hann vera heldur súrt ómeti. Í hádeginu var haldið „heim” og matur snæddur. Segir hann að hádegismatur hafið verið „oftast nægur að vöxtum en furðu gæðarýr og oft og tíðum framdreiddar skemmdar vörur; fiskur, kjöt og kartöflur.” Algengasti grauturinn var sykurlaus hrísgrjónavellingur. Hálf tíma kaffitími var síðdegis. Kvöldmatur var hafragrautur, mjólk, kássa úr fiski eða kjötafgöngum úr hádeginu. Oftast var það þó fiskstappa, stundum ólystug og óætt.⁶

Þessu svaraði forstöðumaður Litla-Hrauns með blaðgrein í Tímanum 1942 og var harðorður. Sagði hann meðal annars að það væri ekki undarlegt að : „andlegar vanmetakindur, sem hér hafa verið, launi góðan viðurgerning hér, sem annars staðar, með vanþakklæti fyrir mat og drykk, og ófrægi það heimili sem hefir neytt þá til að lifa heilbrigðu og reglubundu lífi, þvert ofan í venjur þeirra og tilhneigingar.”⁷ Tveimur árum síðar skrifaði hann bréf til dómsmálaráðuneytisins í tilefni af því að viðgerð stóð fyrir dyrum á húsi vinnuhælisins á Litla-Hrauni. Þar segir hann meðal annars að í hópi hinna dómfelldu manna sé „stór meirihluti sem hefur mjög lélega háttvísi við borðhald, og umgegni í híbýlum sínum.”⁸

Alþingi ræðir um aðbúnað fanga og mat

Nokkur umræða spannst um þessi skrif fangans og kom hún meðal annars til kasta Alþingis. Þrjú þingmenn sósíalista fluttu tillögu til þingsályktunar þar sem skorað var á ríkisstjórnina að láta fara fram rannsókn á aðbúð fanga og ýmsu öðru er snerti fangelsismál.⁹ Greinargerðin með tillögunni var að stofni til þær greinar sem fanginn hafði ritað í Nýtt dagblað.

Nokkrar umræður urðu á þingi um tillöguna sem vísað var á endanum til ríkisstjórnarinnar. Forsætisráðherrann, Hermann Jónasson, sagði að aðfinnslur um mat austur á Litla-Hrauni væru þær fyrstu sem bærust honum. Þó hann væri tor-

MDESIGN
Bolholti 4 - 105 Reykjavík

KAUPANGUR
HLÍÐARSMÁRA 2 - 200 KÓPAVOGI



SIGLUFJÖRÐUR

SÖNN
aafelndabjónusta
RAFEINDASTOFAN
FAXAFENI 12 - 108 REYKJAVÍK



trygginn út í greinargerðina taldi hann þó að sjálfsagt að taka þetta til athugunar og að rannsaka þyrfti málið.¹⁰

Þess skal getið að skrif fangans voru hluti af mjög pólitísku máli á sínum tíma. Fanginn sem hér átti hlut að var Hallgrímur Baldi Hallgrímsson. Hann var einn af stofnendum Kommúnistaflokks Íslands og hafði barist gegn fasistum með her lýðveldis-stjórnarinnar í borgarastyrjöldinni á Spáni 1938-1939.¹¹ Hæstiréttur dæmdi hann og tvo aðra þann 17. mars 1941 í fimmtán mánaða fangelsi¹² fyrir landráð í s.k. dreifibréfamáli. Þeir voru ekki „dæmi-gerðir fangar.“ Hinir dæmdu voru allir félagar í Sósíalistaflokknum.

Hungurverkfall og óæti

Komið hefur fyrir að fangar fari í hungurverkfall til að mótmæla gæði matar og magni. Þannig sagði DV frá því í desember og janúar 2002 að fjöldi fanga hefði farið í hungurverkfall á Litla-Hrauni. Þeir mótmæltu hádegisverðinum sem var bakkamatur en fengu sér hins vegar hefðbundinn morgunverð. Forstöðumaður fangelsisins taldi þá ekki hafa neina ástæðu til að kvarta og sagðist ekki vita hverju þeir væru að mótmæla. Sami matur væri fyrir fanga og starfsmenn. Blaðið birti matseðilinn fyrir eina vika og þar mátti sjá að á boðstólum var m.a. reykt folald með uppstúfi, hakkabuff með lauksósu og eggj, Londonlamb með steiktum kartöflum og fiskur að hætti hússins.¹³

Fangi nokkur ritaði sjálfsævisögu sína sem kom út fyrir skömmu. Hann kom fyrst á Litla-Hraun 1960 og þangað kom hann úr Hegningarhúsinu. Maturinn á Litla-Hrauni var að hans sögn eins og hann gerist bestur í sveitinni og var veislumatur miðað við „viðbjóðinn á Niúnni.“¹⁴ Gestir fanga snæddu iðulega með þeim og segir fangi þessi að þeir hafi rómað matinn.¹⁵ Hann getur þó um að í eitt sinn hafi hann fengið kjötbita fyrir innilokun sem var ekki „mönnum bjóðandi.“¹⁶ Í Hegningarhúsinu var maturinn af skornum skammti fyrir fullorðna menn og oft algjörlaga óætur.¹⁷ Þegar blaðamaður Tímans kom á Litla-Hraun í októbermánuði 1957 var honum boðið í kaffi í eldhúsið sem hann sagði vera hið vistlegasta. Fékk hann þykka rúsinuköku og hlaða af smurðu brauði og auk þess ýmsar kökur.¹⁸

Þá fór blaðamaður Morgunblaðsins í heimsókn á Litla-Hraun í júlímánuði 1962 og snæddi þar. Sagði hann matinn vera ljómandi góðan en á borðum var súpa og steik og mjólk að drekka.¹⁹

Dýr eða menn?

Alþýðublaðið birti í ágústmánuði 1956 útvarps-hugðleiðingu sem dr. Gunnlaugur Þórðarson, lögrfræðingur, hafði flutt og vakti hún töluverða athygli. Þar ræðir hann m.a. um matsal fanganna á Litla-Hrauni. Segir dr. Gunnlaugur að hann líkist einna helst því að þar eigi dýr að matast en menn enda þótt salur væri sæmilega hreinlegur. Hann lýsir salnum svo að meðfrem þremur veggjum hans eru borð eða öllu heldur hillur sem matföng voru látin á. Fanganir snúa því allir andlíti að vegg þegar þeir snæða. Í stað þess að borða eins og menn við sameiginlegt borð snúa þeir bökkum hver að öðrum þegar þeir matast. Telur hann þetta vera erlenda fyrirmynd.²⁰ Forstjóri Litla-Hrauns svaraði þessu með stuttri grein í Tímanum rúmun mánuði síðar og taldi að dr. Gunnlaugur hefði takmarkaða



Eldhús á fangadeild á Litla-Hrauni

þekkingu á fangelsismálum en að öðru leyti hefði hugleiðing hans verið góð í því skyni að hreyfa við þeim sem sinna ættu þessum málum.²¹

Matur er mannsins megin

„Og fæðið – þetta kálsoð með kakkalökkum fljótandi?“ – sagði söguhetjan Raskolnikof í bók Dostojevskís, Glæpur og refsing, þegar talið barst að matnum í fangelsinu. Það var hluti af hörmungum fangelsislífsins ásamt vinnu, rökuðu höfði og stagbættum fataleppum. Þó hafði söguhetjan kynnst verri fæði þegar hún var stúdent.²² Og ekki var brúlað með matinn í svartholinu á Bessastöðum þegar Jón Hreggviðsson gisti þar. Einu þægindin þar voru mjör mjórkur með gæru-skinni, kamarsdollu og höggstokki og vatni í könnu. Matur í körfu var látinn síga þar niður einu sinni á dag eða tvisvar.²³

Það hefur ekki alltaf verið sjálfsagt að fangar fái mati. Fyrr á öldum var gjarnan litið svo á fangar skyldu svelta. Í hæsta lagi skyldu þeir fá vatn og brauð. Í enskum fangelsum á áttjándu öld voru fangar komnir upp á ættingja sína og vini hvað mat snerti. En þó undarlegt virðist nú gátu fangar keypt ómælt magn af áfengi í fangelsunum sjálfum vegna þess að fangaverðir máttu reka knæpur í fangelsunum og afraksturinn af þeim rekstri var kaup þeirra. Það var ekki fyrr en í byrjun níttjándu aldar að áfengi var bannað í fangelsunum í Englandi og fangaverðir fengu kaup frá ríkinu. En matur var bæði af skornum skammti og óhollur. Þeir sem ekki vildu vinna í fangelsunum héngu á horríminni. Á 20. öld breyttist viðhorfið smám saman og menn sáu hag í því að fangar kæmu út í samfélagið í sæmilegu líkamlegu formi. Hver fangi fær þrjár máltíðir á dag og getur í mörgum fangelsum valið af matseðli það sem honum líst vel á.²⁴

Matur í fangelsum á Íslandi fyrr á tímum²⁵

Fangahúsið við Arnarhól var fyrsta fangelsið sem reist var á Íslandi. Fyrir þann tíma voru ekki nein sérstök hús ætluð borðmönnum nema ef vera skyldi svartholið á Bessastöðum. Margt gekk á í sögu tukthússins við Arnarhól þau árin sem það var starfsrækt, 1771-1813. Þar voru aldrei geymdir neinir stórglæpamenn. Oftast var

það flökkulýður og smáglæpamenn sem lentu þar innan dyra. Þá áratugi sem það var rekið deildu embættismenn um það hvernig rekstrinum skyldi háttað og fjárskortur var sífellt viðfangsefni. Hið mannúðlega yfirbragð sem var stundum yfir rekstrinum stafaði einkum af aðhaldsleysi og vanmætti til að reka nútímafangelsi þess tíma.²⁶

Fangar í tukthúsinu við Arnarhól stunduðu lengi vel vinnu utan húss sem væru þeir frjálssir menn. Þeir fóru í róðra og á hrognkelsaveiðar. Fengu þeir þá að borða nýmeti og var það góð tilbreyting.²⁷ Fangar sultu aldrei í tukthúsinu þegar ís-lenskir menn stjórnðu þar. Þeir kvörtuðu ekki heldur undan matnum meðan þeir fengu fyrir-skipaðan skammt. Þorskalýsið bjargaði líka mörgum fanganum frá vesöld og hélt lífi í þeim flestum og var tiltölulega ódýrt. Á hallærisárum í lífi þjóðarinnar var það dálítil mótsögn að álitni margra að fangar skyldu njóta hæfilegs matar meðan almenningur var að svelta til bana.²⁸ Þessi vitneskja gat hvatt menn til afbrota enda þótt margir biðu þess að úr rættist frekar en að brjóta af sér. Hungurdauðinn í tukthúsinu árin 1785-1787 var aðeins speglimynd af ástandi sem flestir bjuggu við í landinu þá.²⁹

Þorskhausar og vatnsgrautur

Á hallærisárum jukust afbrot og menn streymdu í tukthúsið við Arnarhól. Þeir voru flestir ekki í góðu líkamlegu ástandi enda höfðu þeir verið á flakki um landið, voru soltnir og illa haldnir.³⁰ Fangar dóu iðulega úr sulti í fangelsinu við Arnarhól. Ráðsmaðurinn í fangelsinu 1785 gætti ekki að því að afla nægilegs matarforða handa föngunum þrjátíu sem voru í húsinu. Hann hafði reyndar ekki fengið peninga frá yfiröldum til að kaupa matinn. Um sumarið hafði hann reyndar keypt þorskhausu og dugðu þeir um hríð. Í desembermánuði það ár var vatnsgrauturinn orðinn svo þunnur og kjammarnir svo litlir að fangar komust ekki úr rúmbælum sínum vegna vanmáttar. Þeir vesluðust upp og dóu tólf þeirra það árið. Samfangar þeirra urðu að taka grafirnar og notuðu oft tækifærið til að strjúka úr vesöldinni.³¹ Þeir rituðu í janúarmánuði 1787 bréf til yfirvalda: „Þar

við höfum verið dæmd til erfðis í tugthúsi, en ekki til að deyja af hungri, þá umbiðjum vjer þá náð, náðugi herra, að við mættum fá svo mikið til fæðu, að við kynnum að halda lífi og kröftum, biðjum við í auðmýkt ásjá; hjer upp á eru vor undirskrifuðu nöfn.“³²

Þegar færri fangar voru í tukthúsinu var kostur þeirra betri.

Fæðispeningur 1793 og 2009

Á sama hátt og fangar fá nú greidda fæðispeninga þá var sams konar fyrirkomulag í tukthúsinu um nokkurna tíma árið 1793. Fangarnar fengu fæðispeninga mánaðarlega greidda og gátu sjálfir ráðið hvað þeir keyptu. Fangavörður seldi matvæli til fanga eftir þeirra óskum.³³

Árið 1803 var fæði fanga í tukthúsinu svo:

Karlmen 6 pund af fiski á viku, 2 pund af smjöri vikulega, og 15 lpd af mjóli árlega.

Kvenmenn fengu 4 pund af fiski á viku, 1 1/3 af smjöri vikulega og 10 lpd af mjóli á ári. Unglingar innan tvítugs fengu sama fæði og kvenmenn.³⁴

Fæliáhrif hrossakjöts

Árið 1809 var ákveðið að hrossakjöt skyldi vera tvisvar í viku á borðum í tukthúsinu. Um það var svo bókað í fundargerð: „Með því að almenningur hefir nokkurs konar viðbjóð á hrossakjöti og telur það því refsing að vera neyddur til að borða það, þá mun það vera einkar heppilegt að nota hrossakjöt í hegningarhúsinu, til þess að vekja beyg hjá afbrotamönnum og gera þeim vistina þar miður eftirsóknarverða.“³⁵

Fangar höfðu í fyrstu viðbjóð á hrossakjötinu og reyndu að komast undan því að borða það. Fangavörðurinn fékk því skipun um það að fylgjast vel með því að þeir borðuðu það en stingju því ekki undan eða fælu það. Það hafði komið fyrir ýldufnykur ætlaði allt að kæfa í húsinu og kom þá í ljós úldnandi hrossakjöt í rúmbæli. Átti fangavörður að leita í rúmunum fanganna og hirslum nokkrum snum í viku.

Tilvitnanir

- Innan við rímlana. heimsókn að Litla-Hrauni, *Jólabók Alþýðublaðsins*, 24. desember, 1961
- Refsing fanga ekki fólgin í meðferðinni, viðtal við Guðmund Jóhannsson, *Vísir*, 7. júlí 1962
- „...stara heitum augum út í nóttina... Heimsókná Litla-Hrauni, *Vikan*, 42. tbl., 13. nóvember 1958
- Dagbók frá Litla-Hrauni, *Vikan*, 43. tbl., 20. nóvember 1958
- Sama
- Hallgrímur Hallgrímsson, Í háborg réttvísinnar, *Nýtt dagblað* 14. febrúar 1942,
- Teitur Eyjólfsson: „Hjúin gerðu garðinn frægan,“ *Tíminn* 26. maí 1942,
- Þjrk*. Stjórnarráð Íslands, I. Skrifstofa, 1988 B/52
- Alþingistíðindi* 1942, fertugasta og níunda löggjafarþing, A Þingskjöl með málaskrá, Reykjavík 1942, bls. 75-80
- Alþingistíðindi* 1942, fertugasta og níunda löggjafarþing, D. Umræður um þingsályktanir og fyrirspurnir, Reykjavík 1944, bls. 253-254
- Ragnheiður Kristjánsdóttir, *Nýtt fólk – Þjóðerni og íslensk verkaldsstjórnarmál* 1901-1944, Reykjavík, 2008, bls. 279
- Hæstaréttardómur*, XII. bindi, 1941, Reykjavík 1942, bls. 60
- Alþingistíðindi* 1942, fertugasta og 14. desember 2002
- Guðberg Guðmundsson: *Þjófur, fíkill, farsari* – sjálfsævisaga síbrotamanns, Reykjavík 2009, bls. 109
- Sama bls. 131



Reglugerð um mataræði fanga frá 22. júní 1874

En smám saman vöndust fangarnir hrossakjötinu og komust að því að það var hinn hollasti og besti matur. Engin fyriræli er að finna í skjölum um hve stóran skammt hver maður átti að fá af hrossakjötinu. En hrossakjötið sem átti að nota sem fælingarmátt fékk menn ekki frá því að lenda í hegningarhúsinu.³⁶

Vatn og brauð

Ekkert fangelsi var á Íslandi frá því að hegningarhúsið við Arnarhól var lagt niður árið 1813 og þar til að nýtt var reist árið 1838. Fangageymsla var þó tekin í notkun 1828 í Austurstræti 22, Yfirréttarhúsinu. Sú geymsla var einkum notuð til að hýsa ölvaða menn og var kölluð Svartholið.³⁷

Matur í Hegningarhúsinu
Hegningarhúsið var tekið í notkun í janúarmánuði 1875. Fyrsti fanginn sem þangað kom hafði veið dæmdur í sextán mánaða betrunarhúsvinnu, hann var vinnumaður, ógiftur og barnlaus.³⁸

Árið 1874 var birt í Stjórnartíðindum reglugerð um mataræði fanga sem þar skyldu vera. Þetta var áætlun fyrir tíu fanga. Á sunnudögum skyldu þeir fá uxakjötssúpu eða baunir með svínakjöti. Meðlæti var bygggrjón og kartöflur. Grautur var í matinn á mánudögum og fimmtudögum. Þriðjudaga og föstudaga var súpa, saltkjötssúpa eða sauðakjötssúpa. Saltfiskur og blautfiskur var í matinn á miðvikudögum og laugardögum. Kartöflur fylgdu með, smjör eða ný sauðatölg. Á jólum, páskum, hvítasunnu og afmælisdag konungsins skyldu menn fá aukamáltíð.³⁹ En matseðillinn var ekki í samræmi við íslenska hefð og á honum varð breyting í þá átt að fangar skyldu fá mat

sem miðaðist meira við íslenskt mataræði.⁴⁰ Til dæmis var svínakjöt fremur sjaldgæft á Íslandi enda hafði svínaræktun verið hætt á Íslandi í lok 16. aldar og hún ekki hafist aftur fyrr en um miðja 19. öld.⁴¹ Í búnaðarskýrslum 1703-1990 er ekki getið um svín fyrr en árið 1932 og eru þá skráð 138 svín í landinu.⁴²

Fangavörðurinn í Hegningarhúsinu sá lengi vel um alla matseld fyrir fangana. Hann bjó sjálfur í húsinu og stundum var hann fjölskyldumaður. Kona hans sá þá oft um matseldina. Fangi nokkur sem var þar árið 1941 sagði frá því að þar hefði fengið morgunmat hafragraut með sykri alla daga í fangavist sinni en við slíkum mat hafði honum á áður boðið við.⁴³

- Sama bls. 168
- Sama bls. 115
- Miklar endurbætur gerðar á húsi vinnuhelísins á Litla-Hrauni, *Tíminn* 5. október 1957:
- Afbrot framin í ölaði algengust – Fréttamaður Morgunblaðsins heimsækir Litla-Hraun, *Morgunblaðið* 1. júlí 1962
- Gunnlaugur Þórðarson: Heimsókn að Litla-Hrauni, *Alþýðublaðið* 8. ágúst 1956
- Teitur Eyjólfsson: Fácín orð um stórt mál, *Tíminn* 28. september 1956,
- Fjodor Dostojevskí, *Glæpur og refsing*, ísl. þýð. Ingibjörg Haraldsdóttir, Reykjavík 1998, bls. 463
- Halldór Laxness, *Íslandsklukkan*, Reykjavík 1994, bls. 37-38
- Maria Cross, History of Prison food, *Prison Service Journal*, bls. 21-27, september 2009
- Saga fangelsismatar á Íslandi er órannsökuð en í merkri bók sem út kom 1926, og er eftir dr. Björn Þórðarson: Refsivist á Íslandi 1761-1925, má m.a. lesa víða um hvað fangar fengu að borða í fangavistinni.
- Davíð Þór Björgvinsson: *Upplýsingin á Íslandi*, tíu ritgerðir, ritstj. Ingi Stigurðsson, Reykjavík 1990, bls. 83
- Björn Þórðarson, *Refsivist á Íslandi* 1761-1925, Reykjavík 1926, bls. 45

- Sami bls. 145
- Sami bls. 146
- Sami bls. 69
- Sami, bls. 65
- Sami bls. 66
- Sami bls. 82
- Sami bls. 113
- Sami bls. 121
- Sami bls. 123-124
- Páll Línadal: Reykjavík – *Sögustaður við Sund*, alþýðlegt fræðirit um sögu og sérkenni höfuðborgarinnar, Reykjavík 1991, bls. 58
- Arni Óla: *Reykjavík fyrri tíma*, annað bindi, Fyrsti fanginn í hegningarhúsinu, Skuggsjá, Reykjavík, 1985, bls. 247-253
- Stjórnartíðindi fyrir Ísland* árið 1874,22. júní, bls. 12
- Björn Þórðarson, *Refsivist á Íslandi* 1761-1925, Reykjavík 1926, bls. 208
- Fríðrik G. Olgeirsson: *Saga svínaræktar á Íslandi*: frá landnámi til okkar daga, Reykjavík 2005, bls. 43, 57
- Hagskinna* – Sögulegar hagtölur um Ísland, ritstj., Guðmundur Jónsson og Magnús S. Magnússon, Reykjavík 1997, bls. 283
- Valdimar Jóhannsson. *Ég skrifaði mig í tugthúsið*, Gylfi Gröndal skráði, Reykjavík 1995, bls.176

□

EGILSSÍLD
Gránugötun 27 - 580 Siglufirði

FANGELSI.IS
FANGELSISMÁLASTOFNUN RÍKISINS
Borgartúni 7 105 Reykjavík

FLÍSALAGNIR
BÍLDSHÖFÐA 12 - 110 REYKJAVÍK

HOTEL RANGÁ
Luxury Resort & Dining

Jón Egilsson
hæstaréttarlögmaður

GÓÐUR ANDI Á LITLA-HRAUNI

RÆTT VIÐ ÁRNA HRAFN ÁSBJÖRNSSON
FORMANN AFSTÖÐU, FÉLAGS FANGA Á LITLA-HRAUNI

Hagsmunafélag fanga á Litla-Hrauni heitir Afstaða og í stjórn þess sitja fjórir menn. Árni Hrafn Ásbjörnsson er formaður. Enginn formlegur aðalfundur er haldinn en þess í stað velur stjórnin hverju sinni næsta formann úr fangahópnum. Fangar þurfa að skrá sig í félagið vilji þeir taka þátt í því og eru langflestir þeirra meðlimir Afstöðu. Þeir ráða því hvort þeir greiða félagsgjald eða ekki og flestir greiða smávegis vikulega til félagsins. Félagsgjaldið er notað til að kaupa eitt og annað smálegt sem nýttist flestum föng-um eins og til dæmis fótbolta og bad-mintonspaða svo eitthvað sé nefnt.



Formaður Afstöðu horfir til framtíðar út um klefaglugga á Litla-Hrauni

En það eru líka önnur mál sem Afstaða ræðir og má þar nefna fangavinnu og hvernig megi gera hana fjölbreyttari. Þá hefur líka verið rætt um nauðsyn þess að bjóða upp á fleiri námstækifæri í fangelsinu. Fyrir skömmu var allsherjarnefnd Alþingis í heimsókn á Litla-Hrauni og var vakinn athygli hennar á því að til stæði að skera niður stöðu námsráðgjafa sem okkar Afstöðumönnum finnst afleitt.

Árni Hrafn segir námsráðgjafann hafa unnið ómetanlegt starf í fangelsinu. Hann telur líklegt að það muni fækka í skólanum vegna þessarar ráðstöfunar og sé illt til þess að hugsa því skólinn gegni lykilhutverki fyrir framtíðarmöguleika fanganna.

Árni Hrafn segir að töluvert sé um það að fangar leiti til stjórnarmanna í Afstöðu. Biðji þá um að skrifa bréf, skoða ýmis mál sem snerta þá og hrinda einhverjum hugmyndum í framkvæmd.

„Stjórnarmenn reyna eftir bestu getu að styðja við bakið á föngum og verja hagsmuni þeirra í sem flestum tilfellum. Þeir vega og meta málin og ýta út af borðinum málum sem þeir telja ótæk.“

Þá funda stjórnarmenn Afstöðu vikulega með forstöðumanni Litla-Hrauns, Margréti Frímannsdóttur, og ræða stöðu mála í fangelsinu.

„Á þessum fundum fáum við meðal annars upplýsingar um það sem er að gerast í fangelsismálunum eins og nú síðast fyrirætlanir um leigu á húsnæði fyrir opið fangelsi. Eins koma fangar erindum sínum á framfæri við Afstöðu sem ræðir þau svo á fundum sínum með forstöðumanninum. Fangar telja þessa fundi afar mikilvæga og stuðla að góðum anda innan fangelsisins. Ég held að allir séu því sammála að mikilvægt sé að hafa gott samband milli fanga og stjórnenda fangelsisins. Þá fara stjórnarmenn mánaðarlega inn á deildir fangelsisins og ræða við fanga og sérstaklega ef einhverjir nýir eru komnir. Félagið hefur alltaf haft vakandi auga á almennum aðbúnaði í fangelsinu og gert athugasemdir við hann hafi þess verið þörf.“

Meðferðarstarf og helgarleyfi
Hefur það verið rætt innan Afstöðu að fleiri fái tækifæri til að ljúka afplánum í meðferð en nú er?

„Við höfum ekki rætt það mikið upp á síðkastið heldur hafa áhyggjur okkar snúist meira um framtíð meðferðargangsins. Við ræddum um þetta meðal annars við menntamálaráðherra þegar hún kom hér í heimsókn fyrir skömmu. En fjárframlög til meðferðarstarfsins hér hafa dregist saman og er það mjög bagalegt. Við teljum að meðferðargangurinn skipti mjög miklu máli fyrir okkur og fangelsið. Hann hefur líka verið að sanna sig. Ástandið í fangelsinu hefur snarlagast eftir að honum var komið á fót. Viðhorf fanganna hefur líka breyst til batnaðar með honum. En að sjálfsögðu mun Afstaða beita sér fyrir því að fleiri fangar fái að ljúka afplánum í meðferð.“

Afstaða hefur líka oft rætt um að komið yrði á helgarleyfum. Þegar allsherjarnefnd kom hér í heimsókn um daginn tókum við málið upp. Mjög víða eru helgarleyfi veitt, til dæmis í Svíþjóð og Danmörku, en við erum í þessu málum á sama stigi og Tyrkland og Ísrael eftir því sem mér er sagt. Það var ekki annað að heyra en að allsherjarnefnd tæki vel í þetta og við verðum að sjá til hvað verður. Við vonum bara það besta. Það er augljóst mál að helgarleyfi myndu styrkja fjölskyldubönd fanga og veita börnum þeirra mikla ánægju.

Við höfum líka rætt um það hvað bíði fanga sem losna. Sumir hafa ekki í nein hús að venda og koma hingað aftur og aftur. Félagsmálafyrirvöld lofa að aðstoða menn, til dæmis með því að útvega íbúð en oft virðist vera djúpt á þessum lofordum þeirra þegar fanginn er kominn út í frelsið. En auðvitað er þetta hluti af stærra vandamáli, við áttum okkur alveg á því.“

Afstaða og útlendir fangar

Útlendingar á Litla-Hrauni eru á annan tug, flestir frá Póllandi og Litháen. Er þeir félagar í Afstöðu?

„Já, margir þeirra eru félagar en það er nokkrum erfiðleikum bundið vegna þess að flestir þeirra tala litla sem enga ensku,“ segir Árni Hrafn. „Sumir tala auðvitað ensku og aðrir jafnvel dálítið íslensku. Afstaða hefur fengið samband við félag nokkurt sem ætlar að þýða í eitt og annað á pólsku og litháísku. Útlendingar eru afmarkaður hópur inni í fangelsinu og ekki margir íslenskir fangar sem ná sambandi við þá en það fer þó vel á með okkur.“

Einelti er alltaf alvarlegt

Einelti gerir alltaf vart við sig í fangelsi og getur verið erfið viðureignar. Árni Hrafn segir það vissulega hafa komið fyrir en hann sé til þess að gera búinn að vera í stuttan tíma formaður og hafi slík mál ekki komið upp í hans formannstíð. Hann telur að einelti sé ekki mikið en þó lítið sé þá verði að taka á því. Einelti sé alltaf alvarlegt. Fangar verði að gera sér það ljóst að þegar þeir beiti einelti séu þeir að taka sér dómarsæti og þyngja refsingu samfanga sinna sem sé ekki hlutverk þeirra. Allir fangar séu á sama báti í fangelsinu og þeir verði að styðja hver annan til þess að fangavistin verði þeim sem bæri-legust.

Eldamenska, tómstundir og netið

Árni Hrafn segir fanga elda mat á flestum deildum Litla-Hrauns og séu þeir almennt ánægðir með það.

„Hver fangi fær fangi rúmar níu þúsund krónur í matarpening á viku og sú upphæð hefur staðið nokkuð lengi. Við viljum auðvitað sjá þessa upphæð hærri. Vaxandi verðbólga hefur dregið úr kaupmætti fanga eins og annarra. Fangar þurfa að gæta hagsýni í matarinnkaupum eins og aðrir. Þessi eldamenska hefur gefist vel og skapar góðan anda í fangelsinu. Henni fylgir ábyrgð og hún styrkir samkenndina á fangadeildunum.“

En hvað gera fangar sér til afþreyingar?

„Íþróttasalurinn er þó nokkuð notaður og sömuleiðis líkamsræktaraðstaðan. Það er dálítill fönduraðstaða í fangelsinu en hana nota ekki margir. Við höfum líka spilakvöld og spilum þá oftast póker og stundum félagsvist. Á sunnudögum teflum við stundum. Skákfélagið Hrókurinn hefur komið oft hingað og haft skákæfingar. Sjálfir höfum við líka skipulagt lítil skákmót.“

Fangar horfa töluvert á sjónvarp, eru í tölvum sínum og spjalla saman. Sumir lesa sér til afþreyingar.

Við höfum margoft rætt það við fangelsis-

yfirvöld um að aðgangur að netinu yrði leyfður. Fangar hafa verið að laumast á netið og það er nokkuð auðvelt. Eftirlit með því er mjög erfið og fangelsisyfirvöld gera sér ljóst að það er erfið að eiga við þetta ef ekki ómögulegt. Í okkar augum er netaðgangur jafn sjálfsagður og sjónarp og útvarp. Netið er nútíminn. Okkur finnst allir vera sammála um að leyfa aðgang að netinu inni á klefum en til þess þarf lagabreytingu. Aðgangur að netinu yrði stýrður, þ.e.a.s. takmarkaður.“

En hvað með bókasafnið, nota fangar það mikið?

„Ekki neitt gríðarlega mikið en alltaf þó eitthvað,“ segir Árni Hrafn. „Auðvitað er það notað meira af föngum sem eru í einangrun en hinum almenna fanga.“

Heilbrigðisþjónusta

Hvað segið þið í Afstöðu um þjónustu lækna og sálfræðinga?

„Við teljum að sú þjónusta þurfi að vera öflugri. Hér var til dæmis enginn geðlæknir um langan tíma. Margir fangar notfæra sér þjónustu sálfræðinganna og flestir eru ánægðir með hana. Það er mikilvægt að viðtalstímar við heilbrigðismenn standi. Ég sjálfur er til dæmis búinn að vera á biðlista hjá hjúkrunarfræðingi í þrjár vikur og hef ekki komist enn að.“

Aðstöðuna mætti bæta

Hvernig er heimsóknaraðstaðan?

„Hún er ekki upp á marga fiska en við skiljum vandamálið. Hún þyrfti að vera betri og ég veit til þess að það hefur verið reynt að fá heimsóknarhúsnæði hér í kringum fangelsið en það hefur ekki gengið enn. Okkur finnst að líkamsræktaraðstaðan mætti vera aðeins stærr. Það er verið að athuga hvort hægt sé að stækka hana. Einn fangi sem er tæknimenntaður er að skoða hvernig hægt sé að stækka aðstöðuna. Það er mjög aðþrengt með alla peninga á þessum tímum og við sjáum ekki fram á breytingu fyrir áramótin á líkamsræktaraðstöðunni. Vonandi fljótlega eftir áramót. Líkamsræktarsalurinn er búinn að sprengja húsnæðið utan af sér. Þriðjungur fanga fæst við að lyfta lóðum. Þyngri lóð voru fjarlægð en við erum að reyna að fá þau aftur.“

Fangar nokkuð ánægðir með lífið

Eru fangar almennt í góðu sambandi við fangaverði?

„Já, ég held að sambandið sé ágætt. Auðvitað eru einhverjir smáárekstrar eins og gengur. Það gerist á öllum bæjum. Samskiptin eru oftast góð.“

Rimlakjör heitir verslunin á Litla-Hrauni. Par er ágætist vöruúrval að sögn Árna Hrafn.

Ef eitthvað fæst ekki í henni sem þarf til matargerðar þá er það pantað.

Hefur Afstaða eitthvað rætt um kaup og kjör fanga?

„Jú, við höfum farið yfir þau mál. En svörin eru gjarna þau að lítið fé sé til og um litla vinnu að ræða. Við höfum til dæmis rætt um að fangar sem eru hér í mörg ár og vinna, afla sér engra réttinda eins og lífeyrisréttinda. Úr þessu þarf að bæta. Það hefur verið reynt að fá þetta í lag. Þegar Margrét forstöðmaður var á þingi flutti hún tillögur um lífeyrismál fanga en þær náðu ekki fram að ganga. Ég held að fangar séu almennt nokkuð ánægðir í fangelsinu miðað við það að þetta er þegar öllu er á botninn hvolft fangelsi. Það er mjög góður anda þessa dagana í fangelsinu, alveg ótrúlega góður. Það er til dæmis óvenjulítið um fíkniefni hér miðað við það sem áður gerðist. Afstaða reyndi á sinn hátt hér áður fyrr að berjast gegn fíkniefnum í fangelsinu en á því hefur hægt eftir að meðferðargangurinn kom. AA-starfið er líka vel sótt þótt það geti verið sveiflukennt.“

hsh

□

EFTIRTALDIR AÐILAR STYRKJA ÚTGÁFU VERNDARBLAÐSINS

Dalvík
Vélvirki
Bruggverksmiðjan

Húsavík
Garðræktarfélag
Reykfirðinga
Heiðarbær
Kreppa ehf
Vikurraf

Laugar
Aðaldælahreppur
Ferðabjónustan
Narfstöðum
Norðurland

Vopnafjörður
Haraldur Jónsson

Egilsstaðir
Bókhaldbjónustan
Hitaveita Egilsstaða
og Fella
Trésmiðja Guðna
Verkfræðistofan

Seyðisfjörður
Bókasafn
Seyðisfjarðar
Seyðisfjarðarbær

Mjóifjörður
Anny SU 071

Reyðarfjörður
Alfur sf útgerð

Neskaupstaður
Sildarvinnslan
Tónspil Verslun

Höfn í Hornfirði
Bókhaldbjónustan
Ferðabjónustan Lóni
Helga Bjarnadóttir
Hornabraud ehf
Prastarhöll ehf

Selfoss
Ræktunarsamband
Jeppasmíðjan
Ljósavattnsskóli

Hveragerði
Litla Kaffistofan

Stokkseyri
Flöð og Fjara ehf
Kumbarvogur
Gistiheimilið
Syðra-Langholti

Hvolsvöllur
Búaðföng
Dvalarheimilið
Héraðsbókasafn
Rangæinga

Kirkjubæjarklaustur
Félagsbúíð Fagurhlíð

Vestmannaeyjar
Bókasafn
Vestmannaeyja
Ísfélag

Vestmannaeyja
Karl Kristmanns
Sæhamar ehf
Vinnslustöðin

ÖNN

verkfræðistofa FRV

EIÐISTORGI 15 170 SELTJARNARNESI

HREINN S. HÁKONARSON

„ RAFRÆNT ÖKKLABAND SEM REFSIÚRRÆÐI

Pegar fangelsi urðu almennt refsíúrræði var lítið á það sem skref í átt til mannúðlegri meðhöndlunar á brotamönnum. Fyrr á öldum voru refsingar geðþótta-ákvarðanir valdsmanna og oft grimmilegar. Refsingin beindist fyrst og fremst gegn líkama hins brotlega. Menn voru pyntaðir á ýmsa vegu og áttu að finna fyrir refsingunni á sjálfum sér. Hugkvæmni pyntinganna átti sér engin takmörk hvort heldur afbrotin voru smá eða stór. Aftökur, limlestingar, flutningur í fanganýlendur, tunga skorin úr mönnum, augnstungur, barsmíðar og hýðingar. Þannig mætti lengi telja. Á Íslandi var til dæmis hýðing algengasta refsingin á 19. öld og síðasta aftakan fór fram árið 1830. Fangelsi hafa að sönnu ætíð verið til í einhverri mynd en voru aðeins geymslustaðir brotamanna þar til að refsing þeirra var ákveðin.

Rafrænt ökklaband lítur dagsins ljós

Tæp hálf öld er liðin frá því að menn tóku að gera tilraunir í Harvard-háskóla með fjarskiptabúnað sem fylgjast átti með liðan sjúklinga. Nokkrir ungir afbrotamenn gerðust sjálfbóðaliðar og báru þennan búnað á sér.

Þróun búnaðarins gekk hægt fyrir sig og það var ekki fyrr en upp úr 1980 að nokkur hugbúnaðarfyritækj tóku að gera tilraunir með ökklaband sem á var festur útvarpsendur. Þannig var hægt að fylgjast með öllum ferðum þess sem bar útbúnaðinn. Með tilkomu breiðbandsins tók þróun þessa hugbúnaðar kipp.

Dómari nokkur í New Mexico að nafni Jack Love fletti dag einn teiknimyndablaði um Kónglóarmanninn (Spiderman). Þetta var árið 1977. Í einni myndasögunni höfðu óvinir Kónglóarmannsins fest tæki á hann og gátu því fylgst með hverri hreyfingu hans. Dómariinn var yfir sig hrifinn af hugmyndinni og fékk sérfræðing til að hanna líkt tæki. Árið 1983 dæmdi hann fyrstu brotamennina til að bera rafrænt ökklaband. Í ljós kom að rafræna ökklabandið hentaði þeim vel sem voru á reynslulausn, skilorði, og þeim brotamönnum sem fengu leyfi til að yfirgefa heimili sín og fara í vinnu og urðu að vera komnir heim á tilteknum tíma.

Þróunin gekk síðan hratt fyrir sig og árið 1988 voru rúmlega tvö þúsund brotamenn í Bandaríkjunum komnir með rafrænt ökklaband. Tíu árum síðar voru þeir orðnir hátt í eitt hundrad þúsund. Fimm fylki Bandaríkjanna hafa sett lög þar sem kveðið er á um að hægt sé að dæma kynferðisbrotamenn til lífstíðar til að bera rafrænt ökklaband.

Sú tækni sem nýtt er í sambandi við rafrænt ökklaband byggir annað hvort á stöðvum sem taka á móti útvarpsþylgjum eða stöðvum sem nema boð frá gervihnöttum. Í flestum löndum er stuðst við fyrri leiðina en sú seinni er farin í auknum mæli og er notuð til dæmis í Englandi og Wales, Frakklandi og Hollandi. Rafrænt eftirlit í gegnum gervihnattasamband er öflug aðferð og er til dæmis hægt að fylgjast með rafþega í rauntíma.

Umsjón með rekstri kerfisins í kringum rafræna ökklabandið er ýmist í höndum einkafyrirtækja eins og til dæmis í Englandi og Wales eða hvort tveggja einkafyrirtækja og fangelsisyfirvalda eins og í Frakklandi og Hollandi svo dæmi séu nefnd. Einkafyrirtæki koma hins vegar í litlum mæli að rafræntu eftirliti í Danmörku og Svíþjóð.

Ökklabandið tekið í notkun í Evrópu

Fyrsta landið í Evrópu til að taka upp rafrænt ökklaband var England og Wales. Það var árið 1989 og var um tilraunaverkefni að ræða. Tíu árum síðar var fullur þungur lagður í verkefnið og lítið er á notkun þess sem skref úr fangavægi og yfir í samfélagið. Síðan hafa mörg önnur Evrópuland tekið ökklabandið í notkun eins og Frakkland, Þýskaland, Svíþjóð, Danmörk og nú síðast Noregur. Þessa þróun má rekja til þess að fönngum fjölgar og dýrt er að reisa fangelsi. Þá horfa menn einnig til mögulegra áhrifa af notkun ökklabandsins sem eru að þau draga hugsanlega úr endurkomu manna í fangelsi. En síðast en ekki síst telja menn að úrræði þetta sé mannúðlegt og forði til dæmis ungum brotamönnum frá því að hafna á bak við lás og slá í misjöfnum fangelsum og neikvæðum félagsskap.

Frá 2004 hafa fangelsisyfirvöld í Englandi og Wales stuðst við GPS-tækni við rafrænt eftirlit með brotamönnum. Flestir fangar sem hlotið hafa að minnsta kosti þriggja mánaða dóm og að hámarki fjögurra ára geta að undangengnu ströngu mati fangelsisyfirvalda borið rafræna ökklabandið. Flest þeirra sem fá rafbandið eru skikkað til að taka þátt í endurmenntunarnámskeiðum, námskeiðum sem styrkja eiga góða hegðun og háttsemi. Í sumum tilvikum fá menn sérstakan stuðningsfulltrúa sem er þeim til halds og trausts. Markmiðið er að uppræta afbrotahegðun og að viðkomandi nái stjórn á lífi sínu og verði nýtur borgari. Sumir fullyrða að rafbandið komi að litlum notum hvað vernd gagnvart almenningi snertir ef engin uppbyggileg stuðningsdagskrá fylgi notkun þess samhliða.

Í sumum tilvikum er aukabúnaður festur við rafræna bandið sem krefst þess til dæmis að brotamadurinn svari símhringingum sem eru tilviljanakenndar. Þá er og möguleiki að greina rödd viðkomandi svo hann geti ekki látið aðra svara fyrir sig. Þegar brotamadur er settur á þau skilyrði að áfengisnotkun er óheimil er festur á hann mælir sem tekur öndunarsýni og sendir niðurstöður rafrænt en skilorðsfulltrúar lesa af honum. Einnig er til sérstakt rafrænt ökklaband sem er þannig úr gærð gert að það nemur í gegnum húð viðkomandi hvort hann hefur neytt áfengis eða ekki.

Notkun rafræns ökklabands

Dómpóli fær ökklabandið ýmist allan refsitíma sinn eða í lok hans. Hann er jafnframt skyldaður til að sækja ýmis sálarbættandi og uppbyggileg námskeið eða önnur heppileg stuðningsúrræði eins og getið

var um hér fyrr. Þá hefur einnig sú leið verið farin að maður sem ella sætti gæsluvarðhaldi í fangelsi gangi þess í stað með ökklaband í samfélagi frjálsra manna. Í sumum tilvikum er þess krafist að ökklaband sé notað í ákveðinn tíma eftir að reynslulausn er fengin. Þá má og geta þess að til eru fangelsi sem kalla má raffangelsi sem eru þannig að fylgst er með rafrænum hætti með nánast hverri einustu hreyfingu fanganna. Eitt slíkt fangelsi er að finna í Svíþjóð. Í Lelystad í Hollandi er einnig raffangelsi. Í slíkum hátækni-fangelsum er eftirlitið algert og í þeim ganga fangar með rafrænt armband, rafól.

Ökklabandið er ekki aðeins notað sem sérstakt úrræði í refsivörslukerfinu heldur og í tengslum við önnur eins og samfélagsþjónustu og nálgunarbann.

Í flestum löndum eru þau sem bera rafræna ökklabandið með það í tvo til sex mánuði og er tíminn jafnan lengstur í lok afplánunar. Ekki eiga allir dómpólar kost á því að fá rafrænt ökklaband. Í Englandi og Wales er til dæmis öllum kynferðisbrotamönnum sem og þeim sem dæmdir eru fyrir illvígur líkamsárásir meinað að fá ökklabandið. Í Svíþjóð er aftur á móti ekki horft á brotaflokkana og eiga allir dómpólar þess kost að sækja um leyfi til að bera rafræna ökklabandið.

Rafrænt ökklaband er ekki einkamálið

Þess er krafist í flestum löndum þar sem rafrænt ökklaband er notað að heimilismenn hins dæmda samþykki fyrir sitt leyti að hann beri það. Sé þess ekki krafist eins og í Englandi og Wales er rafþega skylt að vera í reglulegu sambandi við eftirlitsmenn sem gæta þess að allt fari vel fram og reglum sé hlýtt. Þar sem rafrænt eftirlit fer um gervihnött eins og í Englandi og Wales þarf til dæmis rafþegi sjálfur að hlaða rafhlöðu ökklabandsins og því verður að vera fyrir hendi traustur samstarfsvilji af hans hálfu við eftirlitsmenn.

Síðferðileg álitamálið

Öll refsíúrræði hins opinbera grípa inn í líf þeirra sem þau beinast að. Rafrænt ökklaband er þar engin undantekning. Það reynir á samstarf rafþega og yfirvalda. Rafþegi þarf að fara að öllum settum reglum og fylgja nákvæmlega þeim stuðningsúrræðum sem honum er gert að sækja. Hann þarf að vera á varðbergi gagnvart sjálfum sér og gæta mjög vel að tímanum eins og hvenær hann á að vera kominn heim til sín að lokinni vinnu. Fjölskylda rafþegans er á vissan hátt dregin inn í afplánunarferli hans og getur verið góður stuðningur við hann. En það getur líka skapað spennu og óyndi. Þess vegna er mjög brýnt að notkun ökklabandsins og reglur sem því fylgja séu vel kynntar fyrir fjölskyldu rafþegans og hún samþykki ökklabandið fyrir sitt leyti. Í sumum tilvikum hafa fjölskyldur lítið á sig sem ólaunaða fangaverði. Það eru líka til rannsóknir sem sýnt hafa fram á ógn aukid heimilisofbeldi hjá þeim sem bera rafbandið.

Í þessu sambandi ber að huga að friðhelgi einkalífs og heimilis. Það er á vissan hátt rofið með rafrænu ökklabandi og þeim skyldum sem lagðar eru á herðar rafþegans og fjölskyldu hans. Eftirlitsmenn koma á ýmsum tímum inn á heimili rafþegans og sjálfkrafa símtöl koma á öllum tímum sólarhringsins þar sem kerfið er með þeim hætti. Rafþeginn upplifir sig undir stöðugu eftirlitsauga stóra bróður í anda sögu George Orwells. Sérstaklega á þetta við um þegar GPS-tækni er notuð. Með henni er til dæmis hægt að kortleggja svæði sem rafþegi má ekki fara inn á og er rökstutt með því að þannig sé hægt að draga úr líkum á því að hann fremji afbrot. Sömleiðis verður til gífurlegt magn gagna um viðkomandi einstakling og vakna þá spurningar um hverjir hafi aðgang að þeim.

En það verður líka að horfa til hins jákvæða í tengslum við rafræna ökklabandið og meta áhrif þess einnig

út frá því. Rafþegar fá miklu meiri tíma en ella með fjölskyldu sinni og geta sinnt atvinnu sinni eða námi. Kanadísk rannsókn frá 1999 sýndi að minna en 5% þeirra sem báru rafrænt ökklaband töldu það trufla fjölskyldulíf sitt. Rafþegar sóttu síður í óæskilegan félagsskap brotamanna og eyddu meiri tíma með maka sínum en ella samkvæmt rannsókn frá 1993. Önnur rannsókn frá 1990 sýndi að hátt í 90% rafþega töldu að samband þeirra við fjölskyldu sína hefði batnað eftir að þeir fengu rafbandið. Þá hafa rannsóknir og leitt það í ljós að rafþegar telja úrræðið henta sér almennt vel. Þeir þrjú síður af sér þegar þeir séu með ökklabandið og lítill hluti þeirra taldi þátttöku í stuðningsúrræðunum (námskeið o.þ.h.) sem fylgdu vera erfiðari en þeir þjuggust við.

Hvað með fórnarlömb þess sem bera rafrænt ökklaband?

Mjög ólíkar reglur gilda í löndunum hvað snertir upplýsingaskyldu til fórnarlambss viðkomandi brotamanns sem bera rafbandið. Þegar maður er dæmdur til að bera rafbandið er algengast að fórnarlambið fái upplýsingar um það. Í Englandi og Wales fær fórnarlamb að vita af því hafi rafbandsþegi verið settur í nálgunarbann. Í Svíþjóð fær fórnarlamb upplýsingar um rafbandsþega ef hann ber eingöngu þess kost að fer ekki í fangelsi. Í Belgíu, Hollandi, Danmörku og flestum hlutum Sviss hefur fórnarlamb ekki þennan rétt.

Enda þótt fórnarlamb fái að vita af því að gerandi sé kominn með rafband þá hefur það lítið um það að segja. Þó er svo í Engalndi og Wales að sé líklegt að gerandi láti aftur til skarar skriða gagnvart viðkomandi fórnarlambi þá er hann settur í nálgunarbann og sambandsbann.

Dregur rafrænt ökklaband úr ítrekunartíðni afbrota?

Það er ekki nein örugg víska fyrir því að rafrænt ökklaband dragi úr afbrotaítrekunartíðni. Þó eru sennilega minni líkur á afbrotahegðun meðan viðkomandi ber ökklabandið. Rannsókn ein hefur til dæmis leitt í ljós að innan þriggja ára hafa þau sem báru rafbandið hvorki náð betri né verri árangri í því að halda sér frá afbrotum en þau sem ekki báru það. Ein bandarísk rannsókn leiddi í ljós að afbrotaítrekunartíðni hjá þeim sem báru rafbandið var þriðjungur minni en hjá þeim sem voru í fangelsi og áttu ekki kost á því að bera rafbandið. Í breskri rannsókn sem gerð var árið 2003 (birt tveimur árum síðar) og tók til 900 einstaklinga sem borið höfðu rafrænt ökklaband hafði 91% þeirra framið eitt (og oft fleiri) afbrot innan tveggja ára frá því að rafbandið var borið. Sænsk rannsókn sýndi eftir að fylgst hafði verið með 260 manns að þau sem voru með rafband komu síður aftur í fangelsi en viðmiðunarhópurinn. Voru það 26% af rafbandshópnum sem kom aftur en 38% af viðmiðunarhópnum.

Hvað með rafrænt ökklaband á Íslandi?

Rafrænt ökklaband er víða notað í Evrópu eins og fram hefur komið. Það hefur hins vegar ekki verið tekið í notkun hér á landi. Þróun refsíúrræða hér hefur verið með svipuðum hætti og í útlöndum. Refsingar hafa þvingst nokkuð eins og í kynferðisbrotamálum og fíkniefnamálum. Samfélagsþjónusta var tekin upp árið 1995 og hefur gefist vel. Eru um 25% óskilorðsbundinna dóma teknir út með samfélagsþjónustu. Með tilkomu samfélagsþjónustunnar létti þó nokkuð á fangelsunum. Áfangahús Verndar hýsir á hverju ári rúmlega fimmtíu fanga sem dvelja þar í lok afplánunar sinnar. Svo hefur verið í tæp fimmtán ár og gengið einnig vel. Langflestir standast þá vist með söma. Afplánunarfangelsin eru fimm að tölu og er eitt þeirra skilgreint nú sem opið fangelsi, Kvíabryggja.

Í ljósi þeirrar reynslu sem komin er á notkun rafræns ökklabands víða í Evrópu og ýmsum útfærslum á henni væri ráð að kanna hvort úrræði þetta teldist vera heppilegt í refsivörslukerfinu hér.



Ökklaband

Fangelsismálastofnun ríkisins gerði í fyrra dálitla samantekt á rafrænu eftirliti sem fullnustuúrræði. Þar kemur fram að nauðsynlegt sé að kanna málið frá öllum hliðum og gera þarfagreiðingu á þessu fullnustuúrræði. Jafnframt skuli einkum horft til reynslu Svía af notkun rafræns ökklabands og víkið að því að þó nokkur kostnaður fylgi því að koma þessu úrræði á fót. Þá er fjallað nokkrum orðum um það hvaða flokkar dómpóla gætu borið ökklabandið. Þar er getið um dómpóla sem eru með dóma undir sex mánuðum og að hluti þeirra uppfylli ekki skilyrði um samfélagsþjónustu. Þessi hópur gæti borið ökklaband í heimahúsum og fengið að stunda vinnu sína eða nám. Einnig er getið um þann hóp sem afplánar vararefsingu fésektar og gæti hann afplánað með ökklabandi í stað þess að fara í fangelsi. Reynslulausn væri og hægt að veita með ákveðnum skilyrðum um rafrænt eftirlit; fangar sem væru að fara í sitt fyrsta dagsleyfi gætu borið ökklaband sem og fangar á meðferðarstofnunum þar sem gæsla var takmörkuð. Erfiðir fangar á Litla-Hrauni gætu verið undir rafrænu eftirliti sem og dómpólar á aldrinum 15-18 ára. Í samantektinni er ekki tekin nein afstaða til þessa úrræðis heldur er meginniðurstaðan sú að þörf sé á að skipa vinnuhóp sérfróðra manna um það hvort rétt sé og nauðsynlegt út frá refsivörslusjónarmiðum að taka upp þetta úrræði. Það er góð niðurstæða í sjálfru sér og vonandi búið að skipa í þennan hóp.

Nú er frumvarp í smíðum þar sem fönngum verður heimilað að ljúka hluta afplánunar sinnar með rafrænu ökklabandi. Verður það vonandi tilbúið sem fyrst og lagt fyrir yfirstandandi Alþingi. Með því verður á vissan hátt brotið blað í fangelsissögu Íslands.

Fangelsi án rimla?

Stundum hefur talað um rafrænt ökklaband sem fangelsi án rimla. Eitt er víst að rafbandið er ákjósanlegur kostur í refsivörslukerfinu sem notast má við í mörgum tilvikum. En meginkosturinn við ökklabandið er sá að sá sem ber það er ekki aðskilinn frá fjölskyldu sinni og hefur tækifæri til að halda áfram vinnu sinni eða skóla. Menn eru á vissan hátt þátttakendur í samfélaginu enda þótt möguleikar þeirra til fullrar þátttöku séu þrengdir verulega.

Að lokum

Rafbandið er nútímalegt refsitæki og eykur fjölbreytni refsíúrræða. Það hefur eitt og sér ekki nein endurhæfandi áhrif á brotamanninn nema hvað það getur auðveldað honum að taka þátt í starfsemi sem ætlað er að hafa áhrif á hugsun hans

til hins betra. Sömuleiðis eitt og sér nær rafbandið ekki að temja unga brotamenn nema þeim sé skylt að taka þátt í einhverju uppbyggilegur starfi sem sýnir fram á kosti þess að vera löghlýðinn borgari. Flestar rannsóknir á áhrifum þess hafa ítrekunartíðni afbrota benda til veikra áhrifa. Sænska rannsóknin sem gerð var gefur tilefni til hóflegar bjartsýni.

Rafbandið er í hugum sumra fyrst og fremst mannúðleg refsileið og sanngjörn. Almennir í þeim löndum þar sem það er notað sættir sig við notkun þess og litur á það jákvæðum augum. Aðrir líta á rafbandið einkum sem góðan kost til að létta á yfirfullum fangelsum og draga úr þörf á því að reisa ný og dýr fangelsi. Ljóst er að sumir sem bera rafrænt ökklaband munu ekki fara í fangelsi en aðrir bæru það úti í samfélagi frjálsra manna eða meðferðarstofnunum í lok afplánunar.

Hér er gerð tillaga um að nota nafnorðið rafband um ökklabandið. Rafband er notað hvort tveggja á ökkla og úlnið. Það er einnig þjálá en ökklaband og hægt er að búa til annað nafnorð um þann sem hefur rafrænt ökklaband, rafþegi eða rafbandsþegi. Rafrænt eftirlit er haft með rafbandsþegum. Síðan mætti stytta orðið rafbandsþegi og tala jafnvel um rabba. „Hvað eru margir rabbar núna í meðferð?“

Heimildir:

- Marc Renzema og Evan Mayo Wilson: Can electronic monitoring reduce crime for moderate to high-risk offender?, **Journal of Experimental Criminology** (2005) 1:215-237
- Fredrik Marklund og Stina Holmberg: Effects of early release from prison using electronic tagging in Sweden, **Journal of Experimental Criminology** (2009) 5:41-61
- Mike Nellis: The Limitations of Electronic Monitoring: Reflections on the tagging of Peter Williams ??
- Kevin E. Courtright, Bruce L. Berg, Robert J. Mutchnick: Rehabilitation in the New Machine? Exploring Drug and Alcohol Use and Variables Related to Success Among DUI Offenders Under Electronic Monitoring – Some Preliminary Outcom Results, **International Journal of Offender Therapy and Contemporary Criminology**, 44 (2) 293-311, 2000, Sage Publications, Inc.
- James Bonta, Suzanne Wallace-Capretta og Jennifer Rooney: Can Electronic Monitoring Make a Difference? **An Evaluation of Three Canadian Programs, Crime and Delinquency**, <http://sagepub.com>, sótt 30. september 2009
- Dominik Lehner: Electronic Monitoring: Big Brother is now watching you in Europe. **Probation in Europe**, desember 2005, 35, bls. 1-2
- Muncie, J. (1990) „A prisoner in my own home“: The politic and practice of electronic monitoring. **Probation Journal**, 37, 72-77.
- Terance D. Miethe og Hong Lu: **Punishment – a comparative historical perspective**. Cambridge, 2005
- Esdor, Annette: Afsoning með elektronisk fodlænke, **Advokaten 2007**: www.advocom.dk
- Ole Dybdal: Fodlænker til folket, **Advocaten** 23-9-2008
- Utökad användning av elektronisk fotboja inom kriminalvården, **Slutrapport 2007**:19, Brottsförebyggande rådet, 2007
- Birgir Ottó Hillers: **Þróun viðurlagategundar – rafrænt eftirliti sem fullnustuúrræði**, HR ML Ritgerð, vor 2009.
- Samantekt um rafrænt eftirlit sem fullnustuúrræði**, Fangelsismálastofnun ríkisins, apríl 2008
- Blaðið, 20. janúar 2006
- Fréttablaðið 9. nóvember 2009
- John Howard Society of Alberta (2000): **Electronic monitoring**. <http://www.johnhoward.ab.ca/PUB/A3.htm#INTR> Sótt 3. október 2009
- Dick Withfield: Electronic **Monitoring**: Ethics, politics and practice, (mai 2007): http://www.cepprobation.org/uploaded_files/pres%20EM%2007%20whitfield.pdf – Sótt 3. október 2009

ANNÁLL LITLA-HRAUNIS 1929 - 2009

1929

26. febrúar Dómsmálaráðherrann, Jónas Jónsson, bauð blaðamönnum að skoða vinnuhælið, sem ætti að vera vinnustofnun fyrir þá menn sem ekki fengust til að vinna sökum „leti og ómennsku.“ Frumvarp um betrunarhús og vinnuhæli var samþykkt á Alþingi 12. mars 1928.



allir fangarnir og starfsmenn. Fangarnir sungu og spiluðu á orgel hælisisins.

26. maí Dómsmálaráðherra kom í heimsókn og talaði við suma fanga um refsítíma þeirra.

Júní var haldið á Laugarvatn með þrjú fanga, þrjú menn og tvo bíla. Þar var verið að vinna að vegagerð, Laugarvatnsveg. Fangar unnu við hann. *Fyrsta starfsárið komu 20 fanga á Litla-Hraun - 14 fóru.*

1930 Almenn bústörf unnin. Fangahópurinn vann við vegagerð ásamt verkstjóra sínum og hreinsunarstörf í kringum eignir ríkisins á Stóru-Reykjum þar sem m.a. Garðyrkjuskólinn stóð. Síðan lögðu fangar hluta af Krýsvíkuvæginum frá þjóðvegnum og út að Núpum. - *Komu 18 fangar - 17 fóru.*

1931 Unnið við Laugarvatnsveg, unnið í Hveragerði og við Reyki í Ölfusi, við viðgerðir á bilum og skógerð. Jarðyrkjustörf eru unnin, sjóvarnargarðshleðsla, gegningar og þaraakstur.

Haustið 1931 unnu tólf fangar við lagningu vegar frá Eyvindartungu upp að Laugarvatni. Fengu fangarnir eina krónu á dag fyrir vinnu sína. Fangarnir og verkstjóri þeirra, Sigursteinn Steinhórnsson, bjuggu í húsi nokkru niðri við vatnið. Vinnan við vegagerðina stóð yfir allan veturinn og fram á sumar 1932. - *Þetta ár komu 53 fangar - 48 fóru.*

1932 Í ársbyrjun 1932 er hafist handa við fjós- og hlöðubyggingu. *Komu 72 fangar - 76 fóru.*

1933 Unnið að svipuðum verkefnum og árin áður. Alifuglahús smíðað. Í vetrarbyrjun er unnið við

holræsi og vanhúsið (salerni). - *Komu 78 fangar - 75 fóru.*

1934 Árið 1934 er haldið áfram með vinnu við holræsið í janúar. Alifuglarækt og vinna við flóðgarða. Í vorbyrjun er áburði ekkí á tún, vinnuhælið málað og kalkað. Settar dyr á aðalhús og skólþpró við hælið tekið í nokun. Um haustið er unnið við ískofa en ístaka hófst í nóvember. Fangar vinna fyrir nágranna m.a. með akstri. - *Komu 91 fangar - 78 fóru.*

1935 Aðfararnótt 16. júní struku þrjú fanga: Höfðu sorfið sundur koparbolta í grind og sett splittbolta í svo ekki sást. Forstöðumaðurinn tilkynnti strokið þegar til lögreglunnar í Reykjavík. Fangarnir náðust nokkrum dögum síðar. - Unnið þetta ár við bílavíðgerðir, hússtörf, skepnuhirðingu, alifuglarumhirðu, pottagerð, þaratöku, grjóttöku, hlöðu og fjós, þvott og fleira, áburðarkeyrslu og skurðgröft. *Komu 99 fangar - 102 fóru - 21 fangi um áramót 1935-1936.*

1936 Sagt var frá því í Morgunblaðinu í febrúar að engir nýir bruggar væru lengur á Litla-Hrauni. Ástæða þess var sú að bannlögin höfðu verið afnumin og dregið stórlega úr bruggi í heimahúsum.

Sömu störf og áður unnin á hælínu. Í apríl plægðu fangar fyrir nágranna sína og aðra sem bjuggu fjær. Unnið við pottagerð og kálgarð hælisisins. Iskofavinna og slátrun í maí. *Komu 99 fangar - 98 fóru - um áramót 1936-1937 22 fangar.*

1937 Í ársbyrjun var lokið við alla klefa á hælínu og gat það þá hýst þrjátíu fanga. *Komu 87 fangar - fóru 83 fangar - um áramót 1937-1938 26 fangar.*

1938 Alls 439 menn tóku út refsingu á Litla-Hrauni frá fyrsta degi þess, 8. mars 1929 og til 31. desember 1938. En sumir komu tvisvar til níu sinnum og voru því komur fanga til afplánunar alls 673 frá fyrsta degi og til ársloka 1938. Almenn landbúnaðarstörf unnin eins og túnavinna og plægging, heyvinna og heykeyrsla. Grjótvinnsla, netagerð og ístaka. Unnið á bílaverkstæði hælisisins. Dyttað að ýmsu á hælínu, málað og smíðað. Unnið að sjógarðagerð. - *Komu 56 fangar - fóru 64 fangar - um áramót 38-39 18 fangar.*

1939 Jón Sigtryggsson ráðinn forstjóri frá janúar og til júlí. Teitur Eyjólfsson tók við starfi forstjóra í júlí 1939 og gegndi því til 1946. Hann var bóndi í Eyvindartungu og hafði margt fjár. Þegar mæðiveikin stakk sér niður á bú hans vildi svo til að starf forstöðumanns á Litla-Hrauni var laust. Hermann Jónasson, dómsmálaráðherra, réð hann í starfið.

1940 23. apríl eru 25 fangar á hælínu.

1. maí voru fangar 36. Starfsmenn í tíð Teits voru tveir fangaverðir, tveir verkstjórar, einn bryti og einn bílstjóri.

„Ár 1940 hinn 12. maí að kvöldi kl. 9 neituðu all-margir fangar að fara í klefa sína og báru því við

að þeir vildu ekki vera innilokaðir undir þeirri loftárásarhættu sem nú væri orðin. Þar sem þetta er fullkomið brot á reglum þeim sem fengunum eru settar og þar með vítavert athæfi, verður mál þeirra tekið fyrir. Þessir menn eru sekir um ofangreint: (Nöfn fanga talin upp.) Allir fangarnir viðurkenndu brot sitt og lofuðu því að slíkt skyldi ekki koma fyrir aftur. Sakir voru látnar falla niður.“ Undir þetta ritaði forstöðumaðurinn Teitur Eyjólfsson.

12. október eru 20 fangar á hælínu.

1941 Fjórir fangar á vinnuhælínu frá 26. maí - 20. júní. Einn fangi fór í maimánuði að Eyvindartungu til að vinna þar um „óakveðinn tíma.“ Fangar unnu við sundlaugina í Hveragerði 13. júní 1941 og óku mól fyrir Kaupfélag Árnesinga. Heyvinna í Þórðarkoti og Kaldadarnesi 25. júlí 1941. Þann dag 17 fangar á hælínu. Getið um holsteinagerð í dagbók fangelsisins í fyrsta sinn, 13. september.

1942 Störf 20. janúar: Vinna við holstein þrjú menn, 8 st. Parakeyrsla í garða fimm menn, 8 st. Skepnuhirðing 2 menn 8 st. Hússtörf, þrjú menn 8 st. Smíðar fyrir hælið tveir menn, 8 st. Einn veikur, einn óhlýðinn. Vinna fyrir aðra 1. 18 fangar á hælínu.

Erlend flugvél tilkynnti um eld á Litla-Hrauni 8. júlí. Hlaðan, sem var nýleg, brann og 200-300 hestar af góðu heyi. Einnig brann hesthúsið og þakið á fjósinu. Engir hestar voru í hesthúsinu sem rúmaði 8 hesta og engar kýr í fimmtán-kúa fjósinu. Þar voru hins vegar nokkrir kálfar og tókst að bjarga þeim. Tjónið var því mikið. Geðveill fangi sterklega grunaður um að hafa kveikt í.

1943 29. janúar voru 16 fangar á hælínu.

Dómsmálaráðherra skipaði nefnd 23. ágúst 1943 og skyldi hún athuga og gera tillögur um fangelsismál landsins. Nefndin skilaði skýrslu 22. febrúar 1947.

Nefndin skoðaði vinnuhælið rækilega að sögn og taldi að öllu eðlilegu viðhaldi á vinnuhælínu hefði verið ábótavant. Gerði tillögur um úrbætur.

Þegar nefndin skoðaði hælið voru vistaðir þar nokkrir „fávitar og vitskertir menn.“ Nefndarmenn töldu það vera hina mestu óhæfu og var forstöðumaður á sama máli. Voru gerðar ráðstafanir til að koma þessum mönnum annað - í nóvember 1946 voru þó enn þrjú þessara vistmanna en aðrir farnir.

1944 Teitur Eyjólfsson, forstöðumaður, ritaði dómsmálaráðuneytinu harðort bréf í desemberbyrjun. Í bréfinu biður forstjórinn ráðuneytið um að vinnuhælið verði losað við ákveðinn hóp manna um leið og húsinn verði lagfærd enda eigi þeir ekkert erindi þangað. Vinnuhælið hafi tekið við allmörgum „vandræðamönnum og fávítum“ sem hvergi hafi fengið inni annars staðar. „Nú um tíma hafa verið hér 10-12 fávitar, og er ekki orðum aukið þó maður segi að þessi hópur fábjána seti óhugnanlegan blæ yfir þetta heimili,“ segir hann í bréfi sínu. Þá reyni fangarnir að spila með þessa „fávíta“ og vinni oft skemmdarverk sem þeir kenna „fávítunum“ um.

17. júní eru 21 fangi á hælínu.

Almenn náðum í tilefni af lýðveldisstofnun. Alls 146 menn náðaðir. Sumir höfðu hafið afplánun en aðrir voru ekki komnir til úttektar.

1945 Unnið að gagngerðum breytingum á vinnuhælínu.

1946 Guðmundur Jónatan Guðmundsson tók við sem forstöðumaður í júlímánuði og Teitur Eyjólfsson lét af störfum.

1. nóvember var einn fangi settur í að moka inn kolum að morgni dags. En hann laumaðist frá verkinu og var tekinn upp á Eyrarbakkaveg.

1947 Í október 1947 var forstjóri Litla-Hrauns spurður í blaðaviðtali hvers vegna ekki væru fleiri fangar á vinnuhælínu, þeir voru þrettán, en hælið gat hýst 28. Hann svaraði: „Margir þeirra fengu að fara á sild eða í einhverja aðra sumarvinnu.“ Auðu plássin væru fyrir þá sem búið að væri að dæma. Jónas Jónsson frá Hríflu sagði í umræðum um tillögu til þingsályktunar um stækkun á vinnuhælínu að húsið að Litla-Hrauni væri eitt hið fegursta á Eyrarbakka og húsakynninn heilnæm. Fagurt Suðurlandið blasti við úr gluggunum: „Ef ég hefði átt að velja stað fyrir vinnuhæli, þá held ég að vart hefði fundizt heppilegri staður.“

10. apríl gat að líta þessa fyrisögn í Alþýðublaðinu: Lagastúdentar úr háskólanum veittu föngunum á Litla-Hrauni vín. Segir þar frá því að þeir hafi farið þangað ásamt tveimur prófessorum til kynna sér fangavist á hælínu. Einhverjir í hópi laganema veittu nokkrum föngum vín. Þrjú fangar struku síðan út um þakglugga á Litla-Hrauni því búið var að kveikja áfengisþorstant. Strokufangarnir fóru til Reykjavíkur og brutust inn á fjórum stöðum og voru síðan handteknir.

1948 Gott heyskaparár.

1949 Vinna: 12. júlí: Ellefu fangar við vikursteypu, einn í fiskverkun, einn í fjármölnun, þrjú grafa skurd, einn í þvottum og þrjú í hússtörfum, tveir í skepnuhirðingu.

2. ágúst 1949: Heyvinna, grjótkeyrsla, vikursteypa, hússtóf, þvottur, skepnuhirðing og viðgerð á útihúsum.

1. júlí er skráð í dagbók hælisisins: „Kl. 2.30. aðfararnótt 1. júlí. Hringdi fanginn Einar Jónsson og tjáði mér að maður hefði farið fyrir gluggann hjá sér. Fór ég þá upp á efri hæð hússins í klefa sem þeir dvelja í fangarnir Jens Arnason og Brjánn Brjánsson. Reyndust þeir þá vera flúnir, höfðu sagað í sundur einn rimil úr grindunum og rist niður teppi til að síga í niður. Sá ég á eftir þeim upp veg þar sem þeir hlupu við fot. Að þessu athuguðu fór ég og tilkynnti forstjóra hælisis strokið.“ (Undirskrift fangavardar: Gísli Gíslason - nöfnum fanga breytt) - *23 fangar á hælínu.*

1950 Búskaparvinna, grjótvinnu og garðvinna.

1951 Í janúar rætt um það koma upp vinnuhæli á Kviabyrggu fyrir skuldara og þá sem ekki greiddu barnsmeðlög enda væri ekki lengur pláss fyrir þá á Litla-Hrauni.

1952 Í dagbók 23. ágúst „Í dag kom var komið með tvo menn til geymslu. Þegar gæslumaður hafði komið þeim inn á klefa varð hann þess var að annar manna hafi verið með vínflošku og komið henni til fanganna. Tilkynnti hann mér þetta strax, fór ég þá upp á hæli. Viðurkenndi annar fanginn að hafa fengið floškuna og væru þeir búnir með hana.“

*Fjöldi fanga á 22. apríl: 21
24 fangar á hælínu 22. september.*

1953 Magnús Pétursson var forstöðumaður á Litla-Hrauni frá 1953-1957. Í blaðagrein 7. júlí 1956 ritaði Magnús: „Uppskeruvinna, umgengni við dýrin og moldina er öllum holl og góð og engum frekar en þeim mönnum er gista betrunarhúsin.“ Magnús fullyrta að íslenskir brotamenn hefðu verið „meinlausir“ eins og hann kemst að orði og „dæmdir fyrir smávægilegar yfirsjónir eins og landabrug, hnúpl og ölvun.“ En sú öld væri liðin.

1954 Tveir bílar voru í eigu Litla-Hrauns og nam rekstrarkostnaður þeirra um kr. 65.990.12.

1955 Vinna 2. júní: Níu fangar við kartöfluvinnu þrjú í hússtörfum, einn í þvottum og einn í ræstingu, fimm við skepnuhirðingu. Þrjú veikur. - Hlaða og fjárhús voru reist 1955. Fjórutíu kúa fjós var reist 1955-1956 ásamt hlöðu og sómuleiðis tveir súrheysturnar.

1956 - 25. mars Alvarlegt uppbót varð á vinnuhælínu og varð tilefni til blaðaskrífa. Fangarnir tóku að brjótast út úr klefum sínum. Fangaverðirnir sáu þá að þeir fengu ekki við neitt ráðið og hættu aðgerðum. Ákveðið var að kalla til lögreglu. Einn fangavardanna fór upp á Selfoss og hringdi til lögreglu. Fangavæðirnir tveir sem voru eftir lokuðu að sér inn á skrifstofu. Þegar lögregla kom um nóttina fóru fangarnir upp á efri gang hússins og bjuggu til varnar. Varð uppi mikið háreysti en lögreglu tókst að koma þeim inn á klefa eftir töluvert málfóp. Eftir það færðist kyrrð yfir, segir í dagbókinni. Þegar þetta atvik gerðist var 21 fangi á vinnuhælínu.

Í maíbyrjun struku þrjú fangar sem voru við útivinnu. Fundust þeir austur á Stokkseyri niður við sjó og voru drukkarnir.

Í dagbók 13. maí segir: „Á hælínu er ástandið nú þannig að ekki er hægt að loka klefum fanganna. Skrár ónytar eftir fangana sjálfa. Beðið eftir nýjum hurðum.“ 22. júní er ritað í dagbókina: „Hér er allt við sama, ekki hægt að loka neinum klefa, allir fangar valsa um allt nótt og dag. Vinna ekki nema þeim sýnist. Ástandið vægast sagt slæmt.“ Fjórum dögum síðar segir í dagbók að á hælínu sé agaleysi og stjórnlaysi á öllum sviðum. Engum klefa sé hægt að loka og allt eftir á. Einn daginn í lok júlímánaðar eru allir fangar meira og minna drukkarnir.

Í dagbók vinnuhælisis er greint frá því 28. júlí að einn fanganna hafi framið sjálfsmorð. Braust hann inn í klefa lögreglumanna og tók þar riffil sem einn lögreglumadurinn átti og skaut sig. Sýslumaður kom og réttaði í málinu. Líkið var flutt til Reykjavíkur til krufningar.

Og í dagbók er enn og aftur fært 21. ágúst: „Ástand óbreytt. Agaleysi og stjórnlaysi á öllum sviðum.“

1. september reyndu fangarnir að kveikja í hælínu. Sá atburður var ekki skráður í dagbók

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Hreinn S. Hákonarson
Umbrot og útlit: Guðni Björnsson
Prentun og bókband: Prentmet Auglýsingar: Markaðsmenn
Forsíðumynd: Hreinn S. Hákonarson

39. árg. 2009

Útgefandi: Félagasamtökin Vernd
Borgartún 6, 105 Reykjavík
Sími: 562-3003; fax 5623004
vernd@vernd.is
www.vernd.is



Stjórn Verndar:
Hreinn S. Hákonarson, fangaprestur
þjóðkirkjunnar, formaður
Sigríður Heiðberg, forstöðumaður,
varaformaður
Elsa Dóra Grétarsdóttir, deildarstjóri,
ritari
Jón Páll Hallgrímsson, ráðgjafi
Asgeir Guðmundsson, löndunarstjóri
Danfríður K. Skarphéðinsdóttir,
deildarstjóri
Ólafur Pröstur Sveinbjörnsson,
kerfisfræðingur

Varastjórn:
Áshildur Emilsdóttir, félagsráðgjafi,
Erlingur B. Kjartansson, kerfisstjóri
Halla B. Marteinsdóttir, félagsráðgjafi
Axel Karan, fyrrv. lögreglumadur
Helgi Mikael Magnússon, ráðgjafi
Ádis Magnúsdóttir, listdansari
Einar Jónsson, verktafi
Frankvæmdastjóri:
Práinn Bj. Farestveit, afbrotafræðingur
Endurskoðendur:
Hannes P. Sigurðsson, endurskoðandi
Dr. Jón M. Asgeirsson, prófessor

Húsnefnd áfangaheimilis Verndar:
Práinn Bj. Farestveit,
framkvæmdastjóri
Erlendur S. Baldursson, deildarstjóri,
Sigríður Heiðberg, varaformaður
Verndar
Guðjón Sveinsson, forstöðumaður
Ragnheiður Elfa Arnardóttir,
félagsráðgjafi
María Steinþórsdóttir, matráðskona,
Hreinn S. Hákonarson, formaður
Verndar



TÓNASTÖÐIN
Allt fyrir tónlistarmanninn

vinnuhælisins. Tókst að slökkva eldinn. Þá sömu nótt struku þrír fangar.

4. september Hermann Jónasson, dómsmála-ráðherra, skipar nefnd til að rannsaka ástandið í fangelsismálum landsins, sérstaklega á vinnuhælinu á Litla-Hrauni, og gera tillögur til úrbóta.

Þegar nefndin kom austur var ekki lengur reynt að halda föngum innilokudum í klefum, enda klefarnir ekki taldir mannheldir.

21. október Eyrbekkingar voru orðnir langþreyttir á ófremdarástandinu á vinnuhælinu. Hreppsnefndin samþykkti eftirfarandi ályktun og sendi hana til sýslumanns:

„Þar sem töluverð brögð eru á því, að fangar af Vinnuhælinu á Litla-Hrauni séu lausir á ferð á kvöldin og næturnar hér í þorpinu og stundum drukkir og alvarlegur ótti og ógeð hefur gripid um sig meðal kvenna í þorpinu, af þessum sökum, þá leyfir hreppsnefndin sér að mótmæla þessu ástandi og krefst þess af þeim sem stjórn Vinnuhælinu, eða af dómsmálastjórninni, að flytja í burtu alla þá fanga sem þar eru nú þar til húsið er orðið algerlega mannhelt.“

8. nóvember Það er svo hinn 8. nóvember 1956 sem eitthvað virðist vera í aðsigi því þá er bókað í dagbók Litla-Hrauns að allir fangar hafi farið af hælinu í lögreglubíl og þessu svo bætt við: „Það er meiningin að enginn fangi komi á hælidið fyrr en það er komið í toppstand.“ Vinnuhælið lokað frá 8. nóvember 1956 til 12. september 1957 – um ellefu mánuði.

1957 Helgi Vigfússon ráðinn forstjóri. 12. september er hælidið tekið aftur í notkun eftir töluverðar endurbætur. Nú voru þar komnir 29 eins mannsklear, þrír voru í kjallara, 11 á miðhæð og 15 á annarri hæð.

Daginn sem vinnuhælið tók til starfa á ný komu í fylgd lögreglugjöna og fangavaraða úr Reykjavík og Hafnarfirði alls 16 fangar. Fimm fanganna sem komu voru sagðir undir miklum áhrifum eiturlýfja.

25. september er tekið upp á því að leyfa föngum að fara út á kvöldin milli kl. 18.30 og 19.30 til að leika sér í fótbolta og öðrum leikjum. Það stóð ekki lengi því tveir fangar notuðu tækifærið og struku. Útivistartíminn tekinn af daginn eftir. *18. október 27 fanga á hælinu.*

Í nóvemberþyrjun struku þrír fangar og var sett vakt á Ölfusárbrú. Fangarnir komu í leitirnar nokkrum dögum síðar.

3. nóvember lést einn fangi úr hjartaslagi.

7. nóvember Frimann Sigurðsson, fangavörður, sagði í blaðaviðtali að allur þorri fanganna vildi ekki standa í stappi við fangaverði. Taldi Frimann meinið vera að vinnu vantaði. Fangarnir þyrftu útrás fyrir athafnasemi sína en vinna hefði verið stopul. Auk þess þyrftu þeir að hafa eitthvað fyrir stafni á kvöldin.

1958 Fangi strauk í júnímánuði og þyrfti að ganga ýmissa erinda í bænum og að þeim loknum hélt hann aftur austur á Hraun. Í desember struku tveir fangar og sagði dagblaðið Visir frá því í leiðara 16.

desember að þeir hefðu lært brögðin „af glæparitum þeim sem flæða nú yfir þjóðina.“

1959 sagði dagblaðið Visir frá því á forsíðu 9. maí að allir fangarnir hafi stungið af. Þeir voru að bera skarn á tún og þegar farið var að vitja um þá voru þeir á bak og burt. Skólastjórnin á Eyrarbakka lét vita að þeir væru staddir í einni kennslustofu skólans og vildu þeir ekki fara út.

1960 Lögreglumenn handtóku mann í Selfossbíói og flutti hann á Litla-Hraun. Héldu þeir að hann væri strokufangi. Þegar þangað var komið dró hann fram plögg sem sönnuðu að hann væri hermaður af Vellinum í borgaralegum klæðum. Lögreglan hafði ekki hlustað á manninn þegar hann reyndi að útskýra mál sitt á ensku og töldu að „strokufanginn“ væri að villa um fyrir þeim.

1961 18. apríl kom með rútninni Reykjavík-Stokkseyri Axel Kvaran, stjórnarmeðlimur Verndar til að hafa tal af föngum.

27. apríl var kl. 17.00 17 stiga hiti á Litla-Hrauni

25. júní: Frimann Sigurðsson, fangavörður, var settur forstjóri frá og með 23. júní til 1. október. Helgi Vigfússon sagði starfinu lausu.

1. október tók Guðmundi Jóhannsson við starfi forstjóra 1. október. Í blaðaviðtali sagði hann að skuldastaða hælisins væri afar slæm: „En mitt aðalstarf síðan ég kom hingað hefur verið að segja lánardrottnum að engir peningar séu til. Hælið er stórskuldukt og ekkert fé fyrir hendi til að greiða þær skuldir.“ Deildaskipting þyrfti að vera á vinnuhælinu en eins og mál stæðu nú væri „hinu ólíklegasta blandað saman. Hér lenda fangarnir í vondum félagskap.“

30. október kom biskupinn yfir Íslandi, hr. Sigurbjörn Einarsson, á Litla-Hraun. Hann hafði bænastund með föngum í matsal hælisins og flutti ræðu. Ræddi síðan við fanga sem þess óskuðu.

1962 var byggt hús fyrir járnsmiðaverkstæðið. 3. mars var farið með fanga í bíó í samkomu-húsið Fjölmi Eyrarbakka. Þeir borguðu bíóið með sigarettum. Gæslumenn og bilstjóri fóru með föngunum. 22 fangar á hælinu.

13. mars Dómsmálaráðuneytið samþykkti að losa þrjá fanga með því skilyrði að þeir færu allir á báta á Eyrarbakka.

3. júní var föngum boðið til Eyrarbakka í Karlakórnum Svanir, Akranesi.

1963 Almenn náðun í tilefni af vígslu Skálholtskirkju. Alls voru náðanir 228. Fangar með manndrápsbrot voru náðaðir eftir að hafa lokið hluta af dómnum.

1964 Tveir 250 fermetra vinnuskálar reistir á Litla-Hrauni. Hafist handa um að steypa netasteina sem vonir stóðu til að gæfu einhvern arð. Í fjósi voru 27 kýr.

1965 Í febrúar strauk fangi úr Hegningarhúsinu en bankaði nokkrum stundum síðar upp á dyr Litla-Hrauns og vildi fá að vera þar.

1966 Markús Einarsson verður forstjóri vinnuhælisins á Litla-Hrauni og gegnir því til ársins

1974 Hann hafði verið fangavörður á Litla-Hrauni 1938-1942. Fé fjólgað úr 80 í 200.

1967 Dr. Clemenz Amelunxen, þýskur vísindamaður á sviði afbrotáfræði, kom í heimsókn á Litla-Hraun í júlímánuði. Hann var nokkuð ánægður með ástandið þar og sagði aðbúnað fanga í öðrum löndum verri en hér.

1968 Í febrúar spruttu upp deilur á Litla-Hrauni milli fangavaraða og forstjórans. Nokkrir starfsmenn kærðu forstjórnann fyrir stjórnsleysi og handahófskenndar refsingar við agabrotum. Hann væri ósannsgull og fyrirskipanir hans mótsagnakenndar.

1969 Deila fangavaraða og forstjóra Litla-Hrauns kom til umræðu á Alþingi í febrúar. Dómsmálaráðherra taldi ekki ástæðu til að aðhafast í málinu.

1970 Hrossaupphöf var haldið í fangelsinu í októbermánuði. Ástæða þess var að hrossabúið átti að leggja niður. Alls voru 70 hross boðin upp. Þá var fyrirhugað að farga 200 fjár með haustinu. Kúabúskapur var þegar niðurlagður.

1971 Í desember var búið að taka í notkun tíu klefa af 22 í nýju húsi. Í þessu húsi var setustofa, fönðurstofa og varðastofa. Gróa Jakobsdóttir tekur að kenna föngum margs konar fönður.

1972 var reistur vinnuskáli, aðstaða fyrir þvottahús o.fl. Fleiri fangapláss tekin í notkun í nýju húsi. Nýja húsið hýsti nú 21 fanga.

Eldur kom upp á Litla-Hrauni í mars. Fangar voru að horfa á sjónvarp þegar eldurinn kom upp í þvotta- og þurrkerherbergi í burst hússins. Talið var að um íkveikju hefði verið að ræða. Meðan slökkvistarfar var unnið voru fangar geymdir í gripahúsum en þeir voru alls 34. Tveir fangar notuðu tækifærið og struku en náðust svo í Reykjavík. Vatnsskemdir voru miklar í klefum og voru fangar fluttir með rútu í Hegningarhúsið.

1973 Í janúarþyrjun kafnaði fangi í reyk en hann hafði kveikt í dýnu í einangrunarklefa sem hann gisti. Hann var 38 ára.

1974 Helgi Gunnarsson forstjóri Litla-Hrauns á árunum 1974-1982, hafði ákveðnar hugmyndir um endurhæfingu fanga og ritaði um það grein í tímarit Verndar 1976. Taldi hann að endurhæfa ætti fanga á Litla-Hrauni. Markmiðið með endurhæfingu væri að fangarnir vendust hefðbundnum vinnudegi eins og hann væri úti í hinu frjálsa samfélagi.

Auk vinnu að vetri til bauðst föngum að sækja kennslu, allt að tíu klukkustundum á viku í bótlefum greinum. Kennarar frá barna- og miðskólanum á Eyrarbakka sáu um þessa kennslu. Föngum stóð einnig til boða smíðanáms þar sem þeir gátu smíðað ýmsa muni. Smíðatímar voru sex á viku. Þá var og boðið upp á kennslu í leirmunagerð, smelti og vefnaði.

1975 Forstjóri Litla-Hrauns lýsti því yfir í blaðaviðtali í októbermánuði að strangt tiltekið væri Litla-Hraun ekki mannhelt. Þeir sem vildu stinga af gætu það. Fangelsið tæki fimmtíu fanga

en sjaldnast væri það fullnýt.

1976 Afköst í gangstéttarhellugerð voru 700 hellur en unnið var við ákvæðisfyrirkomulag. Það gafst vel að mati forstjórans.

1977 Ungur fangi strauk í maímánuði úr fangelsinu en lét lögreglu síðar vita að allt væri í lagi með hann og að hann myndi skila sér aftur – og það gerði hann.

1978 „Litla-Hraun virkaði á okkur sem heimilisleg stofnun. Þar var vel að öllu búið og vinnuaðstaðan góð. ... Það eru þó nokkrir gallar á því að okkar mati. Þar er gifurlega mikil lyfjagjöf,“ sögðu tveir stúdentar sem gerðu rannsókn á föngum.

1979 Auglýsing fanga í blaði 24. janúar: „Ég er 24 ára fangi, sem óskar eftir að komast í bréfasamband við stúlku á öllum aldri, með vinskapar fyrir augum. Vinsamlegast sendist merkt: 1807-1502, Litla-Hraun, 820, Eyrarbakka.“

Þann **27. janúar** var viðtal við konu í Vísi. Eiginmaður hennar var fangi á Litla-Hrauni og einnig sonur hennar. Hún sagði m.a.: „Ég umgengst mest vinkonu mína sem býr hér í hverfinu. Ég kynntist henni í rúttunni á leiðinni að Litla-Hrauni. Hún á þar mann. Við eigum því margt sameiginlegt og höfum margt að tala um.“

1980 Ný álma reist með tíu einmannsklefum í tveimur deildum, öryggisklefa og tveggja manna sjúkraklefa. Nýjung taldist að í klefunum var kallkerfi og salerni.

1981 Gróðurhús gefið til fangelsisins. Það var um 240 m og gefandi var Gisli Sigurbjörnsson, forstjóri Grundar.

1982 Helgi Gunnarsson forstöðumaður sagði starfi sínu lausu 1. desember vegna ágreinings við dómsmálaráðuneytið um rekstur þess. Jón Böðvarsson, deildarstjóri í fjármálaráðuneytinu, tók við til bráðabirgða.

1983 Vigdís Finnbogadóttir forseti Íslands heimsótti Litla-Hraun í marsmánuði og skoðaði fangelsið og ræddi við fanga. Fagnaði því að þeir gætu stundað nám þar. Gústaf Lillien Dahl ráðinn forstjóri.

1984 „Maður hefur heyrt ótal sögur af pilluáti fanga en þegar ég var þarna varð maður ekkert var við slíkt. Læknar gáfu ekki út lyf til að dýpa menn upp á Hrauninu. Það er vitleysa.“ Haft eftir fyrrverandi fanga í blaðaviðtali 3. ágúst.

1985 „Litla-Hraun er hreinasta lúxushótel við hliðina á þessu. Þetta er það versta sem ég hef séð,“ sagði konsúll Íslands í Malaga en þar var íslenskur maður í fangelsi.

1986 Fangaverðir neituðu í maímánuði að borða í mótuneytinu og komu með nesti í vinnuna eftir að dómsmálaráðuneytið ákvað að þeir skyldu greiða fyrir mat sinn í fangelsinu hvort sem þeir borðuðu þar eða ekki.

1987 Í janúarblaði Verndar stóð þetta um Litla-Hraun: „Húsin eru illa málud og ryðtaumar slaga frá rimlum fyrir gluggum niður á gangstéttir.“

Vinnupallur sem reistur hafði verið fyrir nokkrum árum stóð þar enn gegnumfúinn – kannski vitnisburður um viðleitni.“

1988 Knattspyrnuleikur á Laugardalsvelli 17. júní og allur ágóði skyldi renna til þess að fjármagna framkvæmdir á íþróttasvæði Litla-Hrauns. Litla-Hraun ekki lengur vinnuhæli föngum samkvæmt heldur aflánunarfangelsi.

1989 Fangi skrifaði í dagblað í 9. júní: „Það getur verið átakanlegt fyrir fanga að fara á Litla-Hraun þó að flestir beri sig vel og láti lítið á því bera hve illa þeim líður. Þá bjargast margir á því að snúa þessu öllu upp í hroka og verða mjög dómharðir út í þjóðfélagið.“

1990 Haft eftir fangapresti í blaði 4. maí um minnstu fangaklefa á Hrauni sem oft voru kallaðir skápar: „Þeir standa við svokallaðan Laugaveg í miðju fangelsi þar sem mest er umferðin. Ef skáparfangi fær tvo í heimsókn þarf hann sjálfur að fara út.“

1991 Þrír klefar teknir úr notkun vegna þess hve litlir þeir voru.

1992 Geðlæknir ráðinn í hlutastarf á Litla-Hraun.

1993 Í ágústmánuði varð uppöt meðal fanga. Flestir þeirra tóku þátt í því en það hófst eftir að leitað var á klefum fanganna 52 sem þar voru. Lögregla úr Reykjavík og frá Selfossi var kölluð á vettvang.

1994 Gróðurhúsið frá 1981 auglýst í maí til niðurriffs og skyldi niðurrifi vera lokið 1. júlí. Þrír fangar struku úr fangelsinu í september.

1995 Í október var nýtt hús formlega vígt og tekið í notkun. Það hýsir 55 fanga og er 1450 m að flatarmáli. Stærð fangaklefa er 10 m². Kristján Stefánsson ráðinn forstöðumaður.

1996 Fangar sigruðu lögmenn í árlegum fótboltaleik, 9-2. Fyrsti leikur lögmanna og fanga fór fram 1989 og var þetta í fyrsta skipti sem fangar unnu.

1997 Tvöföld öryggisgirðing sett í kringum fangelsið, fjögurra metra há.

1998 Tveir fangar sviptu sig líf með sex daga millibili, 15. mars og 21. mars. Þriðri fanginn svipti sig lífi 18. júní. Í kjölfarið var skipað nefnd til að kanna orsakir þessa og koma með tillögur um úrbætur. Nefndarskýrsla kom út 15. janúar 1999.

1999 Fangi náði frábærum árangri á stúdentsprófi og tók það á tveimur árum.

2000 Starfsmaður Fangelsismálastofnunar segir í blaðaviðtali að stækkun Litla-Hrauns hafi verið „pólítískt slys.“

2001 Sr. Karl Sigurbjörnsson, biskup, heimsækir Litla-Hraun, flutti hugleiðingu og ræddi við fanga.

2002 Um tugur fanga fór í hungurverkfall um tíma í desember.

2003 Fangar stofna kór og honum stjórnar sr. Gunnar Björnsson.

2004 Fangelsismálastjóri sendir bréf um eineltismál í fangelsið. Trúnaðarmaður fanga segir það gott mál en fangar sem stundi einelti haldi að sér höndum eftir að bréfið barst.

2005 Stjórnsýsluúttekt gerð á fangelsinu á Litla-Hrauni og birt í júní.

2006 Í ágústmánuð var fangavörður, sumarafleysingamaður, handtekinn fyrir að smygla fíkniefnum inn í fangelsið. Í október var skipað nefnd til að kanna framtíðarrekstur fangelsins og skilaði hún álitinu sínu ári síðar. – Dómsmálaráðherra segir aðbúnað í fangelsum almennt séð viðunandi.

2007 Fangi nefbraut samfanga sígn. Nokkrir aðrir fangar fótbrotu samfanga sinn. Í maí var opnuð vímefnalaus deild í fangelsinu. Í ágústmánuði svipti ungur fangi sig lífi. Annar fangi fannst látinn í klefa sínum í september en ekkert benti til þess að hann hefði svipt sig lífi. Landlæknisembættið rannsakaði málið. Tveir fangar struku eftir AA-fund í október. Þyngstu lóðin í lyftingarsalnum voru fjarlægð í desember og mótmæltu fangar því. Umboðsmaður felldi þann úrskurð í sama mánuði að greiða bæri föngum laun sem launþegum fyrir vinnu í fangelsum og séu það skattskyldar tekjur.

2008 Margrét Frímansdóttir tók við sem forstöðumaður í 1. febrúar í leyfi Kristjáns Stefánssonar. Fangar byrja að elda sjálfir á nokkrum deildum. Fangi stingur samfanga sinn með sporjárn í mars. Í maí kom hússtjórnarkennari og kenndi föngum margt gagnlegt í eldhússtörfum og þrifum. Einnig kom meistarakokkur til að kenna eldamennsku. Eftir jarðskjálftann sem reið yfir Suðurland í maí sváfu fangar við opnar dyr enda þótt deildum væri lokað. Matjurtarækt hófst í júlímánuði og bollaleggingar um að reisa gróðurhús. Í ágústmánuði var farið að tvímenna í nokkrum, klefum vegna þrengsla í fangelsum landsins. Í desember auglýsti fangi í Morgunblaðinu lát samfanga síns og átti það að vera grín.

2009 Maður handtekinn við girðingu fangelsisins í marsþyrjun þar sem hann var að klippa gat á hana. Margrét Frímansdóttir skipaður forstöðumaður Litla-Hrauns 1. febrúar. Þess minnst 8. mars að 80 ár voru liðin frá því að Litla-Hraun var tekið í notkun. Skönnun mynda fyrir Ljósmyndasafn Siglufjarðar hófst í júnímánuði og veitir það tveimur til þremur föngum vinnu. Í september var nokkrum föngum leyft að fara að morgni dags í sundlaugina á Stokkseyri. Framleiðsa á bílnúmeraplötum skrapp saman á árinu vegna efnahagshrunsins. Snoturt gróðurhús reist.

Heimildir:

Dagbók Litla-Hrauns, dagblöð og tímarit sem nefnd eru í annálum, *Örlög á Litla-Hrauni*, eftir Sigurð Heiðdal, útgefin 1957.

Verndarblaðsins óskar eftir ábendingum um það sem kann að vera missagt í annál þessum. - HSH tók saman.

□



molar molar molar



Svalur afmælisdagur á Litla-Hrauni

Litla-Hraun í 80 ár

Það var sólbjartur dagur 8. mars s.l. og napur vindur blés hressilega um Litla-Hraun. Þá var þess minnst á Hrauninu að 80 áru voru liðin frá því að starfsemi hófst þar á þessum degi 1929. Margrét Frímansdóttir, forstöðumaður Litla-Hrauns, stýrði afmælistilkomu og bauð gesti velkomna. Ragna Árnadóttir, dóms- og kirkjumálaráðherra, flutti ávarp og fangi söng og lék á gítar fyrir gesti. Eldri starfsmenn voru heiðraðir og sr. Hreinn S. Hákonarson, fangaprestur, flutti í myndum og máli ágríp af sögu Litla-Hrauns. VERND færði fangelsinu að Litla-Hrauni kr. 50.000 að gjöf til að kaupa plöntur í nýreist gróðurhús á staðnum. Gestir þágu veitingar sem fangar báru fram. Að lokinni afmælistilkomunni komu fangar saman og nutu góðra veitinga.

Coco er heimsóknarhundur Rauða krossins

Undanfarna þrjú mánuði hefur hundur komið á vegum Rauða kross Íslands í Kópavogsfangelsið. Hann heitir Coco og er af Papillion kyni. Coco er þriggja ára. Eigandi hundsins er Margrét Eyjólfssdóttir



og er hún sjálfboðaliði á vegum RKÍ. Ekki geta allir hundar orðið heimsóknarhundar. Þeir þurfa að þreyta próf til að ganga úr skugga um hvort þeir séu hæfir til að heimsækja fólk. Sé hundur talinn samskiptahæfur fer hann á námskeið þar sem hann er þjálfaður á sérstakan hátt.

Coco er vingjarnlegur og opin hundur, hefur áhuga á fólki og hefur að sögn eiganda síns stáltaugar. Margrét segir að á leiðinni í fangelsið iði hann allur í skinninu af spenningsi að hitta fangana. Fangarnir hafa tekið honum vel og hafa ánægju af því að hitta hann.

Dýr laða oft það góða fram í mann- eskjunum og létta lundina. Hundar koma til dæmis í heimsóknir á öldrunarstofnanir og líknardeildir. Starfsfólk telur að það hafi mjög jákvæð áhrif og sé kærkominn styrkur fyrir viðkomandi stofnanir. Og það gerir Coco svo sannarlega. Það er því fagnaðarefni að hann heimsækir

fangana í Kópavoginum. Margrét segist ætla að koma áfram með Coco í heimsókn í Kópavogsfangelsið. Auk þess eigi hún aðra hunda sem geta hlaupið í skarðið fyrir hann ef hann myndi forfallast. Sjálf segist hún hafa gaman að þessu og þykir gott að spjalla við fangana.

Þess má geta að í mörgum ítölskum fangelsum er fongum heimilt að hafa gæludýr í klefum sínum. Þeir mega til dæmis hafa ketti, gullfiska og fugla í búrum. Gæludýr eru talin létta skap þeirra og draga úr einmanaleika í refsivistinni. Margir telja að gæludýr- hald fanga geti orðið þeim góður stuðningur við að aðlagast samfélaginu á nýjan leik eftir fangavistina.



Fangavaktin

Sjónvarpsþættirnir, Fangavaktin, hafa notið mikilla vinsælda og er sýningu á þeim nýlega lokið. Útisenur voru teknar upp á Litla-Hrauni og gátu fangar fylgst með úr fjarlægð og út um glugga á klefum sínum. Inniatriði voru tekin upp í myndveri og var sérstakur fangagangur smíðaður eftir fyrirmynd fangaganganna á Litla-Hrauni.

Frumkvæði fanga

Sá sem er iðjulaus situr undir sjö draugum og hampar þeim áttunda segir máltækið. Iðjuleysi getur farið illa með fanga hvort sem þeir átta sig á því eða ekki. Laghentir fangar taka stundum frumkvæði og hefjast handa um ýmislegt.



Mynd þessi sýnir brennsluofna sem einn fangi á Litla-Hrauni hefur smíðað. Hann nýtir netakúlur sem annars væri fleygt. Síðan hefst suðuvinnna hjá honum og smám saman verða til þessir líka finu brennsluofnar sem hann selur.

Námsflokkar Reykjavíkur

Viltu bæta við þekkingu þína ?

Við bjóðum nám í Íslensku, ensku, stærðfræði og félagsfræði á vorönn 2010. Náms- og starfsráðgjafi kennir námstækni.



Verð einnar námsgreinar er kr. 16.000

Verð tveggja námsgreina er kr. 21.000

Verð þriggja námsgreina er kr. 26.000

Upplýsingar í síma 411-7040.

Kennsla hefst mánudaginn 18. janúar.

Kennsla fer fram hjá Námsflokkum Reykjavíkur, Þönglabakka 4, efri hæð.

Íslenska, grunnur, er kennd á mánudögum og miðvikudögum kl. 13:00—15:00, íslenska, framhald, er kennd á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 13:00—15:00

Enska er kennd á mánudögum og miðvikudögum kl. 15:15—17:15.

Stærðfræði, grunnur, er kennd kl. 13:00—15:00 eða kl. 17:15—19:15 á þriðjudögum.

Stærðfræði, framhald, er kennd á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 15:15—17:15.

Félagsfræði er kennd á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 15:15—17:15.